



Krækiber - *Empetrum nigrum*

ÁRSSKÝRSLA 2013

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Starfsemi og skipulag	4
Rekstrarsvið	5
Mats- og greiningarsvið	8
Mennta- og menningarsvið	12
Alþjóðasvið	21
Rannsókn- og nýsköpunarsvið	25
Viðburðir og viðurkenningar	30
Vísinda- og tækniráð	36
Ársreikningur 2013	37



Hallgrímur Jónasson forstöðumaður Rannís

Inngangur

Árið 2013 var ár mikilla breytinga hjá Rannís. Rannís hefur á undanförunum árum þróast yfir í að vera með svipað hlutverk og rannsóknaráð annarra landa með umsjón með samkeppnissjóðum, alþjóðlegu samstarfi og svo almennri þjónustu við vísinda- og nýsköpunarsamfélagið. Hlutverk Rannís sem slíkt hefur styrkst, og þá ekki síst vegna aukinnar þýðingar samkeppnissjóða í vísinda og nýsköpunarstarfi.

Þann 24. apríl 2013 var undirritaður árangursstjórnunarsamningur sem kveður á um gagnkvæmar skyldur mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Rannís varðandi útfærslu á hlutverki stofnunarinnar. Þar með var fest í sessi ákveðið samskiptaferli og upplýsingamiðlun á milli ráðuneytisins og stofnunarinnar ásamt því að leggja grunn að áætlanagerð og mati á árangri af starfsemi Rannís. Samkvæmt lögum er hlutverk Rannís að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd stefnu Vísinda- og tækniráðs. Með samningnum eru stofnuninni jafnframt falin önnur stjórnarsýsluverkefni á sviði mennta-, háskóla- og vísindamála, umsjón með alþjóðlegum samstarfsáætlunum á sviði menntamála, auk umsýslu innlendra sjóða og styrkveitinga á sviði menntunar, menningar og æskulýðsmála. Samningurinn er því í samræmi við samkomulag sem gert var á árinu 2012 um tilfærslu verkefna frá Háskóla Íslands til Rannís, en um var að ræða verkefni sem skólinn sinnti fyrir hönd ráðuneytisins. Þar með tók Rannís annars vegar við umsjón með Landsskrifstofu Menntaáætlunar ESB ásamt tengdum verkefnum og hins vegar með Nordplus menntaáætlun norðurlanda og Eyrstrasaltsríkja ásamt tengdum verkefnum. Markmiðið með tilfærslunni er að nýta betur tækifæri í erlendu samstarfi með sameiginlegri þjónustu, leitast við að bæta þjónustu við notendur og leitast við að ná fram samlegð í rekstri og bæta faglega vinnu og gæði þjónustunnar. Samkvæmt árangursstjórnunarsamningnum fluttist umsýsla tólf sjóða á sviði menntunar, menningar og æskulýðsmála jafnframt til Rannís.

Í lok árs lagði Rannís fram viðauka við árangursstjórnunarsamninginn þar sem fjallað er um hlutverk og framtíðarsýn Rannís, áherslur í starfi stofnunarinnar, meginverkefni hennar og mælikvarða sem leggja má til grundvallar.

Á árinu var lögð fram ný stefna vísinda- og tækniráðs sem mun gilda 2013-2016 og gerir hún ráð fyrir víðtækara hlutverki Rannís en verið hefur og lögð áhersla á að stofnunin verði helsta miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins, menntunar og þróunar mannauðs auk menningar og skapandi greina. Tækin sem Rannís hefur til að uppfylla hlutverk sitt eru rekstur samkeppnissjóða, aðstoð og kynning á alþjóðlegum sóknar- og samstarfsmöguleikum, auk þess að kynna áhrif rannsókna, nýsköpunar, menntunar og menningar á þjóðarhag.

Þær breytingar sem gerðar voru á starfsemi Rannís á árinu hafa í för með sér tækifæri sem Rannís vill til að nýta í þágu sinna umbjóðenda með bættri þjónustu og aukinni skilvirkni. Þó hefur ekki verið staðið við fyrirheit um að stofnunin fái nýtt húsnæði og mun því enn um sinn ekki nást fullkomin hagræðing og samlegðaráhrif í starfsemi, en sem stendur er stofnunin rekin á þremur stöðum.

Rannsóknir, nýsköpun, menntun og menning eru forsenda hagsældar og lífsgæða í okkar heimshluta. Rannís vill stuðla að því að þessir lykilorðir hagvaxtar skili sem mestum árangri okkur öllum til hagsbóta.

Hallgrímur Jónasson
forstöðumaður Rannís

Starfsemi og skipulag

Rannsóknamiðstöð Íslands – Rannís veitir stuðning við rannsóknir og nýsköpun, menntun og menningu. Stofnunin er samstarfsaðili Vísinda- og tækniráðs og veitir faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd stefnu ráðsins. Rannís aðstoðar vísinda- og tæknisamfélagið með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum auk þess að að kynna áhrif rannsókna og nýsköpunar á þjóðarhag.

Rannís heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra og starfar á grundvelli laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3/2003. Forstöðumaður stofnunarinnar er Hallgrímur Jónasson.

Rannís hefur umsjón með rekstri helstu opinberu samkeppnissjóða sem styðja við rannsóknir og nýsköpun, menntun og menningu og greinir áhrif vísinda og rannsókna á þjóðarhag auk þess sem Rannís styður við þátttöku íslensks vísinda- og menntasamfélags í alþjóðlegu samstarfi. Rannís heldur utan um **gagnagrunn yfir úthlutanir** úr rannsókna- og nýsköpunarsjóðum frá árinu 2004, nema Nýsköpunarsjóð námsmanna sem er frá 2009. Þar má jafnframt finna yfirlit um styrki úr helstu samstarfsáætlunum Evrópusambandsins.

Á árinu 2013 skiptist starfsemi Rannís í þrjú fagsvið, rannsókn- og nýsköpunarsvið, alþjóðasvið og mennta- og menningarsvið. Með nýju skipulagi sem kynnt var í upphafi árs 2013 ganga stjórnarsýslusvið og greiningarsvið þvert á fagsvið.

Rannís tók miklum breytingum frá og með 1. janúar 2013 þegar Landskrifstofur Menntaáætlunar Evrópusambandsins og Nordplus fluttust til Rannís. Þar með sameinuðust nokkrar af stærstu styrktaráætlunum Evrópusambandsins og Norrænu ráðherranefndarinnar hjá Rannís. Markmiðið með sameiningunni er að styrkja erlent samstarf á sviði menntunar, rannsókna og nýsköpunar á Íslandi og einfalda aðkomu umsækjenda að áætlunum.

Verkefni og starfsfólk Menntaáætlunar ESB og Nordplus fluttust þar með frá Háskóla Íslands yfir til Rannís. Lagt var upp með að fyrst um sinn væri starfsemi á tveimur stöðum, annars vegar á Laugavegi 13 sem fyrr en starfsemi Menntaáætlunar (Comenius, Leonardo, Erasmus og Grundtvig) og Nordplus yrði áfram í Tæknigarði við Dunhaga.

Á árinu hófst einnig flutningur umsýslu ýmissa innlendra sjóða á sviði menntamála, menningar- og æskulýðsmála frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til Rannís.

Þann 24. apríl undirrituðu Hallgrímur Jónasson forstöðumaður og Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra, árangursstjórnunarsamning milli ráðuneytisins og Rannís. Samningurinn kveður á um gagnkvæmar skyldur ráðuneytisins og Rannís við útfærslu á hlutverki stofnunarinnar, en tilgangurinn er að festa í sessi ákveðið samskiptaferli og upplýsingamiðlun ásamt því að leggja grunn að áætlanagerð og mati á árangri í starfsemi Rannís..



Frá undirritun árangursstjórnunarsamnings í apríl



Hluti starfsfólks eftir sameiningu Rannís og Landskrifstofu Menntaáætlunar ESB og Nordplus

Rekstrarsvið

Hlutverk rekstrarsviðs er að sjá um fjármál, rekstur, mannauðsmál, tölvumál, skjalastjórnun og innri gæðamál ásamt kynningarmálum. Að hausti hefst vinna við árlega rekstraráætlun sem byggð er á verkbókhaldi. Mannauðsmál heyra undir sviðið, allt frá nýráðningum til starfsloka, þar með talið umsjón með launum, árleg starfsmannasamtöl og gerð fræðsluáætlinga. Rekstrarsvið annast tölvumál sem tengjast almennum skrifstofurekstri Rannís, ásamt skjalastjórnun og innri gæðamálum. Kynningamál eru stór þáttur í starfsemi Rannís og sér kynningarstjóri um markaðs- og kynningarmál, utnumhald heimasíðu og skipulagningu ráðstefna og funda þar sem tekin eru fyrir ýmis mál sem tengjast rannsóknum, vísindum, menntun og menningu. Stærstu viðburðirnir sem Rannís stendur fyrir eru Vísindavaka og vísindakaffi en einnig eru haldin árleg þing, svo sem Rannsóknþing, Haustþing og Nýsköpunarþing. Að auki hefur kynningarstjóri umsjón með viðurkenningum sem veittar eru á sviði rannsókna og nýsköpunar. Í skýrslunni er þessum hluta starfseminnar gerð sérstök skil í kafla um viðburði og viðurkenningar.

Rekstur Rannís

Heildargjöld Rannís fyrir utan aðildagjöld voru rúmlega 618 milljónir á árinu. Þar af er stærsti gjaldaliðurinn laun og launatengd gjöld 54,2%. Stærstu gjaldaliðirnir fyrir utan laun og launatengd gjöld eru ferðakostnaður 12,5%, tölvumál um 7%, húsaleiga og tengdur kostnaður 4,9%, funda- og ráðstefnukostnaður um 5,4%, sérfræðiþjónusta um 3,9% og auglýsingar og birtingar um 2,4%. Annar rekstrarkostnaður nemur tæpum 10%.

Sértekjur Rannís voru tæplega 387 milljónir, um 45,6% þeirra koma frá erlendum opinberum aðilum, um 28,1% eru innbyrðis framlög á milli A hluta stofnana, 12,4% er vegna kostnaðarhlutdeildar í sameiginlegri þjónustu, að mestu frá mennta-

og menningarmálaráðuneytinu, 4,75% er rekstrarframlög frá einkaaðilum innlendum sem erlendum og 4,0% er endurgreiddur ferðakostnaður frá innlendum opinberum aðilum, ýmsar aðrar tekjur eru um 5%.

Gjöld Rannís samkvæmt fjárlögum voru áætluð 537,9 milljónir, þar af 35,1 til alþjóðlegra samstarfsáætlana. Framlag ríkissjóðs var 268,9 milljónir og gert var ráð fyrir sértekjum upp á 269 milljónir. Heildarútgjöld og heildartekjur Rannís voru hærri en fjárlögin gerðu ráð fyrir en rekstrarhalli ársins var 14,5 milljónir króna.

Verkefni sviðsins á árinu.

Árið 2013 einkenndist af breytingum sem tengjast sameiningu verkefna sem áður voru undir Háskóla Íslands en fluttust yfir til Rannís í upphafi ársins. Í árslok 2012 var unnið að því að tengja saman starfstöðvarnar á Laugavegi og Dunhaga og lauk því verkefni í upphafi ársins 2013. Samtímis var nýtt símkerfi virkjað, svokallað IP kerfi. Bókhaldskerfi Rannís var uppfært í byrjun ársins og verkþókhald innleitt í kjölfar þess. Nýtt skjalastjórnunarkerfi var tekið í notkun, GoPro.net, með tilheyrandi innleiðingu og kennslu fyrir starfsfólk. Heimasíða Rannís var víkkuð út og tengd verkefnum Landskrifstofu Menntaáætlunar ESB, Nordplus ofl. Einnig hófst undirbúningur fyrir nýja heimasíðu Rannís sem bæði tekur mið af sameinaðri stofnun og nýjum samstarfsáætlunum ESB fyrir rannsóknir, vísindi, nýsköpun, menntun og menningu.

Vinnu við þarfagreiningu nýs húsnæðis fyrir Rannís lauk í byrjun febrúar 2013 og var stefnt á að báðar starfstöðvar Rannís á Laugavegi og Dunhaga sameinuðust undir eitt þak í árslok. Því miður gekk það ekki eftir. Nú er vonast til að Rannís fái nýtt húsnæði á árinu 2014.

Starfsdagur Rannís var haldinn þann 12. mars þar sem starfsfólk kynntist verkefnum hvers sviðs, fjallað var um breytingarstjórnun og hópurinn fékk tækifæri til að kynna betur innbyrðis.

Reglulegir upplýsingafundir fyrir starfsfólk voru haldnir á árinu. Markmið þeirra var að miðla upplýsingum og jafnframt að starfsfólk fengi betri innsýn inn í störf og verkefni Rannís. Fræðsluáætlun var keyrð samhliða og náði hún fram í janúar 2014. Mikil áhersla var lögð á kennslu í nýju skjalavistunarkerfi GoPro.net ásamt kennslu á umsóknakerfi Rannís. Excel grunnnámskeið var í boði fyrir þá sem vildu fríska upp á kunnáttuna. Einnig var haldið námskeið í skyndihjálpi. Auk þessara námskeiða sem Rannís skipulagði þá sóttu margir starfsmenn námskeið utanhúss á vegum Rannís í tengslum við störf sín.

Mannauður 2013

Í árslok 2013 var starfsfólk Rannís 44 í 41,6 stöðugildum fyrir utan forstöðumann, 40 starfsmenn í ótímabundnum störfum og 4 í tímabundnum störfum. Þar af voru sérfræðingar í 29,4 stöðugildum, almennir starfsmenn í 7,2 stöðugildum og sviðsstjórar í 5 stöðugildum. Auk þess voru 2 starfsmenn í fæðingarorlofi.


Skipting mannaúðs milli sviða í árslok var þannig að 6 starfsmenn unnu á rekstrarsviði í 5 stöðugildum en 2 þeirra starfa einnig fyrir önnur svið Rannís, 6 starfsmenn á mats- og greiningarsviði í 5,6 stöðugildum, 15 á mennta- og menningarsviði í 14,8 stöðugildum, 5 á alþjóðasviði í 4 stöðugildum og 10 á rannsókn- og nýsköpunarsviði í 9,6 stöðugildum.

Staða og kynjaskipting mannaúðs í föstum störfum.

Í árslok 2013 voru konur 62,5% mannaúðs og karlar 37,5% fyrir utan forstöðumann. Sérfræðingar voru 72,5% mannaúðs, sautján konur og tólf karlar. Aðrir starfsmenn voru 15% mannaúðs og voru það sex konur. Stjórnendur töldust vera 12,5% mannaúðs eða sex talsins með forstöðumanni, tvær konur og þrjú karlar.

Lífaldur starfsmanna og dreifing

Meðalaldur starfsfólks Rannís við lok árs var 48 ár. Um 83% starfsfólks var eldri en 40 ára og 44% var 50 ára eða eldri. Starfsfólk á aldursbilinu 40-49 ára var 39%, 15% starfsfólks var á aldursbilinu 30-39 ára og 2% starfsfólks á aldursbilinu 25-29 ára.



Starfsfólk Rannís við árslok 2013

Aðalheiður Jónsdóttir	Eyrún Sigurðardóttir	Ragnhildur I. Guðmundsdóttir
Ágúst Hjörtur Ingbórsson	Guðlaug Póra Kristjánsdóttir	Ragnhildur Zoega
Andrés Pétursson	Guðmundur Ingi Markússon	Sigríður Vala Vignisdóttir
Áslaug Holm Johnson	Hallgrímur Jónasson	Sigrún Ólafsdóttir
Ásta Vigdís Jónsdóttir	Helga Rún Víktorsdóttir	Sigurður Björnsson
Ástríður Guðlaugsdóttir	Herdís Þorgrímsdóttir	Svandís Nína Jónsdóttir
Björk Þorleifsdóttir	Hulda Hrafnkelsdóttir	Svandís Sigvaldadóttir
Björn Víkingur Ágústsson	Hulda Proppé	Þorgerður Eva Björnsdóttir
Dóra Stefánsdóttir	Katrín Valgeirsdóttir	Þorsteinn Gunnarsson
Einar Hreinsson	Kristmundur Þór Ólafsson	Þorvaldur Finnbjörnsson
Eiríkur Stephensen	Lýður Skúli Erlendsson	Tómas Myung Hjartarson
Elín Jóhannesdóttir	Margrét Jóhannsdóttir	Unnar Freyr Hlynsson
Elísabet M. Andrésdóttir	Margrét K. Sverrisdóttir	Viðar Helgason
Elva Brá Aðalsteinsdóttir	María Kristín Gylfadóttir	
Eva Dögg Diego Þorkeldsdóttir	Óskar Eggert Óskarsson	

Starfsfólk í tímabundnum störfum við árslok 2013

Júliana G. Tzankova, Lilja Steinunn Jónsdóttir, Sigríður Ásgeirsdóttir og Sunna Ben Guðrúnardóttir

Sumarátak 2013

Rannís fékk styrk til að ráða sex sumarstarfsmenn í þrjú verkefni í gegnum sumarátak Vinnumálastofnunar. Alls bárust 161 umsókn í störfín og voru sex námsmenn ráðnir. Helena Björk Valtýsdóttir, Hulda Hrafnkelsdóttir, Kolbrún Edda C. Sigurhansdóttir og Lilja Steinunn Jónsdóttir voru ráðnar í skráningu og frágang skjalasafns. Maggý Helga Jóhannsdóttir Möller var ráðin til að vinna tilviksgreiningu um vöxt frumkvöðlafyrirtækja og Þór Þorbergsson var ráðinn til að uppfæra úthlutunarvefsíðu Rannís



Frá ráðstefnu Tækniþróunarsjóðs í Ráðhúsi Reykjavíkur í janúar

Mats- og greiningarsvið

Í ársbyrjun 2013 var Mats- og greiningarsvið stofnað á grunni eldra greiningarsviðs Rannís. Þessar breytingar fólu í sér m.a. að starfsemi gæðaráðs íslenskra háskóla varð hluti af hinu nýja sviði og hlutverk sviðsins að nokkru leyti endurskilgreint.

Helstu hlutverk mats- og greiningarsviðs eru eftirfarandi:

- Öflun, greining og miðlun upplýsinga. Í þessu felst m.a. að annast gagnaöflun og miðlun upplýsinga fyrir Vísinda- og tækniráð og nefndir þess um vísindarannsóknir, tækniþróun og nýsköpun í landinu og á alþjóðavettvangi.
- Reglulegt mat á umfangi og árangri rannsókna, þróunar og nýsköpunar í landinu og þátttaka í fjölþjóðlegum sam- anburðarathugunum á því sviði fyrir hönd Íslands. Samstarf er tryggt við hliðstæðar erlendar stofnanir og fylgst með þátttöku Íslands í fjölþjóðlegu vísindastarfi.
- Samstarf við innlenda og erlenda aðila á sviði stefnurannsókna (policy research) og atvinnuþróunar. Þróun og innleiðing heildstæðs upplýsingakerfis um afrakstur vísinda- og nýsköpunarstarfs í samráði við háskóla, rannsóknastofnanir og atvinnulíf. Meta gæði og afrakstur vísinda- og nýsköpunarstarfs í samræmi við alþjóðleg viðmið og á samræmdan máta.
- Rekstur Gæðaráðs íslenskra háskóla. Í því felst að annast reglubundnar úttektir óháðra sérfræðinga á starfsemi háskóla og einstakra eininga þeirra. Jafnframt að efla gæðamenningu innan háskólageirans með ráðstefnum, nám skeiðum og útgáfustarfsemi í samráði við hagsmunaaðila.
- Þróun verkferla fyrir innra gæðastarf á öðrum starfssviðum Rannís.
- Umsjón með og þátttaka í alþjóðlegu vísindasamstarfi á norðurlóðum í samstarfi við alþjóðasvið, sem dæmi má nefna Alþjóðlegu norðurskautsvísindanefndina (IASC), norrænt samstarf og ýmislegt tvíhliða samstarf.
- Kynning á niðurstöðum.

Öflun, greining og miðlun upplýsinga

Lokið var við úrvinnslu könnunar um útgjöld til rannsókna og þróunar, sk. Rannsóknvogar, fyrir árið 2011 sem lögð var fyrir í október 2012 og niðurstöður sendar til Hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat. Í þessu sambandi var tekinn saman svokallaður „lifandi“ þýðislisti um rannsókna- og nýsköpunarfyrirtæki í landinu með það fyrir augum að varpa ljósi á umfang þeirra og starfsemi. Áætlað er að upplýsingarnar í þýðislistanum verði uppfærðar árlega í því skyni að draga upp mynd af starfsemi nýsköpunarfyrirtækja yfir tíma. Spurningalisti um Nýsköpunarvog fyrir árin 2010-2012 var sendur út til fyrirtækja í desember. Fjárlagagreining var unnin samkvæmt venju. Unnið var við að taka saman tölfræðilegar upplýsingar um nýjar doktorsgráður frá innlendum háskólum og útskriftir Íslendinga frá erlendum háskólum og árleg skýrsla var send til NORBAL.

Vinna hófst á árinu við vasabók með yfirliti yfir Rannsóknir, þróun og nýsköpun á Íslandi, sem gefin verður út árið 2014. Til þeirrar vinnu telst gagnasöfnun, úrvinnsla og framsetning efnis m.a. úr Rannsóknarvog 2011, Nýsköpunarvog 2010 og talningu á útskrifuðum doktorum árið 2012.

Tölfræði um rannsóknir og þróun var undirbúin til birtingar á heimasíðu Rannís. Árið 2013 var tölfræði um stærstu samkeppnissjóðina undirbúin með það fyrir augum að hún verði birt með sama hætti árið 2014. Megintölfræði Rannís um rannsóknir, þróun og nýsköpun á Íslandi og um samkeppnissjóði, sem Rannís hefur umsjón með, er nú aðgengileg beint í gegnum DataMarket á heimasíðu Rannís.

Á árinu var hafist handa við greiningu umsóknareyðublaða Rannís með hliðsjón af því mati sem þarf að eiga sér stað á árangri og áhrifum samkeppnissjóða á rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarvirkni í landinu. Lokið var við að greina umsóknareyðublað Tækniþróunarsjóðs.

Mat á gæðum og árangri

Unnið var með mennta- og menningarmálaráðuneyti og sérstökum vinnuhópi með aðkomu ráðuneyta, vísinda- og tækninefnda og hagsmunaaðila við sjálfsmat á vísinda- og nýsköpunarkerfinu hér á landi. Sjálfsmat þetta er unnið í samvinnu við ERAC (European Research Area and Innovation Committee) með hliðsjón af sérstökum sjálfsmatsleiðbeiningum. Megináhersla í matinu er á valinn fjöldi af atriðum sem hafa verið auðkennd sem sérstaklega mikilvæg fyrir heildarkerfi rannsókna og nýsköpunar á Íslandi.

Gæðaráð íslenskra háskóla stóð fyrir tveimur stofnanaúttektum, á Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla – háskólanum á Hólum. Fóru úttektirnar fram í mars og voru niðurstöður kynntar á málþingi í september. Auk þess hélt gæðaráðið fjóra vinnufundi og stóð fyrir ársfundum með háskólunum í maí. Ráðið stóð fyrir endurviðurkenningu á sálfræði til bakkalárprófs í sálfræði við Háskólann í Reykjavík og viðurkenningu á meistaranámi í sama fagi, fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis í apríl. Gæðaráðið stóð einnig fyrir kynningu á íslenska gæðakerfinu á ársfundi NOQA – Samtökum norrænna gæðaeftirlitsstofnana, í júní. Auk þess vann gæðaráðið einnig á árinu að gerð sk. vottunarskýrslu vegna innleiðingar Viðmiða um æðri menntun og prófgráður við íslenska háskóla og lauk þeirri vinnu í desember. Þá hófst undirbúningsvinna fyrir stofnanaúttekt á Háskólanum á Akureyri. Skilað var 15 fagúttektarskýrslum til gæðaráðs á árinu.

Starfsemi ráðgjafanefndar gæðaráðs var endurvakin á árinu og hefur ráðgjafanefnd staðið fyrir reglulegum fundum og skipulagningu á samstarfi háskólanna um gæðamál.

Undirbúningur fyrir innleiðingu matskerfis fyrir gæði og árangur rannsókna við íslenska háskóla og rannsóknastofnanir var í fullum gangi á árinu. Reglulegir fundir með hagsmunaaðilum voru haldnir, staðið var fyrir kynningarfundum á Pure-kerfinu í maí, tilboðsgerð og samningsviðræður við erlenda aðila fóru fram auk áætlanagerðar um kostnað og innleiðingu.

Undirbúið var áhrifamat á Rannsóknasjóði sem nær frá 2004 til verkefna sem lokið var í árslok 2011. Áhrifamatið felur í sér skoðun á langtímaáhrifum af starfi sjóðsins, byggð á áhrifarökum sem beitt er við ákvörðun um verkefni í upphafi, eftirliti sem beitt er á verkefnistímanum og verkefnamati sem fer fram við lok verkefnisins. Í áhrifamatinu verður vísindalegur ávinningur m.a. metinn út frá rannsóknvirkni, mannauði, rannsóknþjálfun, samstarfi, alþjóðlegu samstarfi og frekari styrkjum frá öðrum rannsóknasjóðum. Hagrænn og samfélagslegur ávinningur verður einnig metinn.

Stefnurannsóknir (policy research) og atvinnuþróun

Sem dæmi um verkefni sem unnið var að á árinu, má nefna stofnun klasavettvangs, rannsóknir á þróun og vöxt frumkvöðla og rannsóknir á opinberum innkaupum til að örva nýsköpun, greining á starfsemi sjóða og umsýsla þeirra, athuganir á þróun klasa o.fl.



Hilmar Veigar Pétursson formaður stjórnar Tækniþróunarsjóðs

Vísindasamstarf á norðurslóðum

Mats- og greiningarsvið, í samstarfi við alþjóðasvið, hafði umsjón með þátttöku íslenskra vísindamanna í Alþjóðlegu norðurskautsvísindanefndinni (IASC) og tók þátt í að undirbúa nýja norræna rannsóknáætlun um norðurslóðir sem NordForsk mun hafa umsjón með. Af öðrum norðurslóðaviðburðum má nefna þátttöku í skipulagningu alþjóðlegrar ráðstefnu, Rannsóknabings norðursins, sem haldin var á Akureyri í ágúst og skipulagningu málstofu á fjölmennri ráðstefnu Arctic Circle sem haldin var í Hörpu í október og forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, var einn helsti hvatamaður að. Jafnframt var unnið við ýmislegt tvíhliða samstarf um málefni norðurslóða á árinu m.a. við Bandaríkin, Kína og Noreg. Á innlendum vettvangi tók sviðið m.a. þátt í undirbúningi og skipulagi Norðurslóðadagsins sem haldinn var í húsnæði Hafrannsóknastofnunar í nóvember og í starfsemi Samvinnunefndar um málefni norðurslóða sem skipuð er af umhverfisráðuneytinu.

Breytingar á vísinda- og nýsköpunarkerfinu

Í ársbyrjun 2013 var skýrslan Ný sýn, breytingar á vísinda- og nýsköpunarkerfinu gefin út. Í skýrslunni er dregin upp mynd af vísinda- og nýsköpunarkerfinu á Íslandi, m.a. Vísinda- og tækniráði, háskólum og rannsóknarstofnunum, þekkingarsetrum um allt land, fyrirtækjum sem starfa innan þessa geira og opinberum samkeppnissjóðum. Þá er gerð grein fyrir flæði og skiptingu þeirra átján milljarða króna sem fara úr opinberum fjárveitingum í vísindi og nýsköpun árið 2012, árangri og gæðamati, rannsóknarinnviðum og alþjóðlegu samstarfi. Skýrslan sýnir m.a. þá staðreynd að opinbert fjármagn til háskóla, stofnana og sjóða hefur rýrnað um fjóra milljarða króna á tímabilinu 2008-2012 eða um rúmlega 20%. Í skýrslunni er jafnframt lögð áhersla á að margt sé afbragðsvel gert hér á landi. Mats- og greiningarsvið sá um ritstjórn skýrslunnar í samvinnu við sérstakan starfshóp vísindanefndar og tækninefndar Vísinda- og tækniráðs og fjölmarga aðra aðila í vísindasamfélaginu.



Samstarfssamningur undirritaður í Shanghai

Sameiginleg rannsóknamiðstöð Kína og norðurlanda í Shanghai

Þann 10. desember 2013 skrifuðu forsvarsmenn sex stofnana á norðurlöndum undir samstarfssamning við Heimskautastofnun Kína (Polar Research Institute of China) og þrjár aðrar kínverskar stofnanir um stofnun Kínversk-norrænnar norðurslóðamiðstöðvar (KNN). Undirritun samningsins fór fram við opnun miðstöðvarinnar í Shanghai en hana sóttu aðilar frá opinberum stofnunum í Kína og frá norðurlöndunum, auk fræðimanna sem stunda norðurslóðarannsóknir. Hallgrímur Jónasson, forstöðumaður Rannís tók þátt í opunarathöfninni og undirritaði samstarfssamning fyrir hönd Rannís.

Hlutverk miðstöðvarinnar verður að efla rannsóknasamstarf með það fyrir augum að auka vitund, skilning og þekkingu á norðurslóðum og hnattrænum áhrifum breytinga á norðurslóðum. Auk þess mun miðstöðin stuðla að samvinnu tengdri sjálfbærri þróun á norðurslóðum og þróun Kína í hnattrænu samhengi. Þannig verður sjónum beint að norðurslóðum og málefnum þeirra á heimsvísu og munu rannsóknir meðal annars snúast um:

- Loftslagsbreytingar á norðurslóðum og áhrif þeirra,
- Auðlindir á norðurslóðum, flutninga og efnahagslega samvinnu,
- Stefnumótun og lagasetningar er varða norðurslóðir.

Samvinnan á grundvelli KNN mun fara fram með sameiginlegum rannsóknaverkefnum, þróun á samstarfsnetum og nýjum samstarfs sviðum um norðurslóðarannsóknir sem skapi tækifæri fyrir kínverska og norræna fræðimenn þannig að þeir geti unnið að styrktum rannsóknaverkefnum; reglulegum ráðstefnum, þ.m.t. China-Nordic Arctic Cooperation Symposium og að lokum með miðlun upplýsinga og greiðari menningarsamskiptum Kína og norðurlandanna í tengslum við norðurslóðir.

Eftirfarandi aðilar standa að stofnun Kínversk-norrænu norðurslóðamiðstöðvarinnar

Stofnanir á norðurlöndunum:

- Arctic Center of the University of Lapland (Finnland)
- Fridtjof Nansen Institute (Noregur)
- Rannsóknamiðstöð Íslands (Ísland)
- Nordic Institute of Asian Studies (Danmörk)
- Norwegian Polar Institute (Noregur)
- Swedish Polar Research Secretariat (Svíþjóð)

Kínverskar stofnanir:

- Center for Polar and Oceanic Studies, Tongji University
- Research Institute of Polar Law and Politics, Ocean University of China
- Shanghai Institutes of International Studies
- Strategic Studies Division, Polar Research Institute of China

Mats- og greiningarsvið hefur undirbúið stofnun þessarar rannsóknamiðstöðvar í samráði við kínverska og norræna samstarfsaðila.



Fjöldmenni hlýddi á kynningu á Erasmus+ sem haldin var í nóvember

Mennta- og menningar svið

Mennta- og menningar svið Rannís varð til 1. janúar 2013 með flutningi verkefna frá Háskóla Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneyti til Rannís. Hlutverk sviðsins er að sinna þeim fjölmörgu mennta- og menningarverkefnum sem tilgreind eru í árangursstjórnunarsamningi Rannís og ráðuneytisins. Mennta- og menningar svið leggur áherslu á samstarf og samtal þeirra sem starfa í mennta- og menningarsamfélaginu: milli allra skólastiga, skóla og atvinnulífs, einstakra starfs- og listgreina, milli mennta- og menningar-geirans og síðast en ekki síst milli landa. Sviðið leggur sérstaka áherslu á evrópskt og norrænt samstarf.

Við flutning verkefna fluttust þrettán starfsmenn frá Háskóla Íslands og einn frá Tæknigarði hf. til Rannís, auk þess sem tveir fyrrverandi starfsmenn Háskóla Íslands bættust í hópinn á árinu. Í árslok 2013 voru starfsmenn sviðsins sautján.

Starfsemi sviðsins var áfram í Tæknigarði og tók Rannís því húsnæði sem Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands

hafði haft þar til umráða. Á heildina litið gekk yfirfærsla verkefna til Rannís vel og skiptir þar mestu máli að starfsfólk sem áður hafði sinnt verkefnum sem flutt voru fylgdi þeim eftir. Sú staðreynd að mennta- og menningar svið er staðsett í öðru húsnæði en önnur starfsemi Rannís gerði það að verkum að starfsemi sviðsins var mjög sjálfstæð og aðgreind og því er talsvert verk eftir óunnið sem bíður þess að stofnunin flytji á einn stað til að hagræðing og samlegð eigi sér stað.

Meginverkefni sviðsins er umsýsla með erlendum áætlunum og innlendum sjóðum. Starfsfólk sviðsins tók á móti um 3.000 umsóknum á árinu 2013 og veitti þjónustu við úthlutun á samtals 2 milljörðum kr. af opinberu fé úr samkeppnis- sjóðum, en af því eru um 700 m.kr. evrópskt og norrænt fjármagn. Sjóðaumsýslan auk fjölda annarra upplýsinga- og stoðþjónustuverka hefur í för með sérsamskipti við mikinn fjölda viðskiptavina, sem skipta mörgum þúsundum.

Yfirlitsmynd yfir umfang nýrra innlendra sjóða sem Rannís þjónustaði 2013

Sjóður - áætlun	Umfang 2013 í m.kr.	Sótt um styrki m.kr.	Fjöldi umsókna 2013	Fjöldi úthlutana	Árangurs- hlutfall	Eftirspurnar- hlutfall styrkja
Evrópskar og norrænar áætlanir						
Menntaáætlun ESB	567	1,280	506	215	42%	226%
Nordplus - norræn menntaáætlun	97	153	24	17	71%	158%
Arctic Studies - tvíhliða samstarf	54	53	57	42	74%	135%
Norrænir sumarstyrkir til stúdenta	29	31	189	171	90%	107%
Innlendir menntasjóðir						
Námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla	214	660	110	35	32%	309%
Íslenskukennslu fyrir útlendinga ¹⁾	131	0	0	0	-	-
Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara	38	19	41	38	93%	100%
Próunarsjóður námsganga	45	190	144	35	24%	422%
Vinnustaðanámssjóður ²⁾	150	93	402	382	95%	114%
Innlendir menningarsjóðir						
Barnamenningarsjóður	4	55	64	13	20%	1375%
Starfslaunasjóðir listamanna	506	3,017	773	245	32%	596%
Styrkir til atvinnuleikhópa	70	529	105	13	12%	758%
Tónlistarsjóður	90	305	298	133	45%	339%
Innlendir íþrótt- og æskulýðssjóðir						
Íþróttasjóður	23	180	213	72	34%	786%
Æskulýðssjóður ³⁾	17	43	88	52	59%	250%
Samtals	2,035	6,607	3,014	1,463	49%	325%

1) Rannís tók við umsýslu undir lok 2013; fyrsti umsóknarfestur var í ársbyrjun 2014.


2) Rannís sá um síðari úthlutun ársins - tala um eftirspurnarhlutfall tekur bara til þeirrar úthlutunar.

3) Rannís sá um þjónustu við seinni 2 af 4 umsóknarfrestum ársins.

Landskrifstofa Menntaáætlunar ESB

Langumfangsmesta verkefni sviðsins er rekstur Landskrifstofu Menntaáætlunar ESB á Íslandi. Áætlunininni er dreifstýrt en í því felst að hvert þáttökuland fær ákveða upphæð til ráðstöfunar á hverju ári. Yfirlitið hér að neðan sýnir það fjármagn í evrum sem landskrifstofan hefur úthlutað á tímabilinu 2007 – 2013 með skiptingu milli ólíkra menntastiga. Heildarupphæðin á tímabilinu er ríflega 21 milljón evra eða meira en 3 milljarðar króna á gengi ársins 2013.


Yfirlit yfir styrkveitingar í evrum úr Menntaáætlun ESB til íslenskra aðila 2007-2013



Eins og yfirlitið ber með sér hafði skrifstofan örlítið meira fjármagn 2013 en árið áður, en þetta var síðasta ár áætlunar sem á ensku bar heitið Lifelong Learning Programme. Ný áætlun á sviði menntamála, Erasmus+, hefur göngu sína í ársbyrjun 2014 og verður þar um tölverða aukningu að ræða á því fjármangi sem Ísland fær til úthlutunar.

Árið 2013 var sótt um fleiri verkefni og hærrí fjárhæðir en árið áður og má af því ráða að kynningarstarf hafi gengið vel. Fyrirkomulag í háskólahlutanum er með þeim hætti að hver háskóli fær í reynd úthlutað einu verkefni sem fjármagnar alla styrki til stúdenta og starfsmanna á meðan einstaklingar á öðrum skólastigum sóttu beint um til landskrifstofunnar. Því gefur heildarfjöldi umsókna og styrkra verkefna ekki rétta mynd af umfanginu því á bak við 7 umsóknir og verkefni háskólanna standa 400 einstaklingsstyrkir á meðan að baki 250 umsókna um endurmenntunarstyrki standa 250 einstaklingar.

Sótt um í samstarfsverkefni



Heildarfjöldi umsókna var um 500 og fjöldi styrkra verkefna var um 200. Sótt var um styrki að upphæð um 8 milljónir evra, en landskrifstofan hafði til ráðstöfunar liðlega 3,5 milljónir og var því eftirspurn eftir styrkjum um 225% þess sem til ráðstöfunar var. Styrkir eru veittir annars vegar til náms- og þjálfunarferða um 700 einstaklinga frá Íslandi og hins vegar samstarfs- og yfirfærsluverkefna á ólíkum sviðum. Eftirspurn eftir samstarfsverkefnum hélt áfram að aukast mikið og var sótt um tæplega 2,5 milljónir evra, sem var meira en 20% aukning frá fyrra ári. Þá var einnig metfjöldi umsókna um endurmenntunarstyrki, bæði frá kennurum í skólum og fullorðinsfræðslu, en einungis var unnt að styrkja þriðjung umsækjenda.

Þar sem áætlunin er dreifstýrð, hefur Evrópusambandið mikið eftirlit með framkvæmdinni í þátttökuríkunum. Í júní komu endurskoðendur á vegum framkvæmdastjórnarinnar í eftirlitsheimsókn til bæði stjórnvalda og skrifstofunnar – en slíkar heimsóknir eru reglubundnar og tengdust að þessi sinni yfirfærslu verkefna til Rannís. Niðurstaða heimsóknarinnar var að einkar vel er staðið að rekstri landskrifstofunnar á Íslandi.

Árið 2013 einkenndist af undirbúningi fyrir nýja áætlun Erasmus+, þar sem menntaáætlun og æskulýðsáætlun ESB verða sameinaðar, auk þess sem bætt var við íþróttahluta. Í árangursstjórnunarsamningi Rannís við mennta- og menningarmálaráðuneytið í apríl var gert ráð fyrir að Rannís yrði falið að reka eina landskrifstofu fyrir áætlunina í heild sinni, en ráðuneytið breytti þeirri ákvörðun haustið 2013 og ákvað að áfram yrði tvær landskrifstofur, en Ungmennafélag Íslands hefur rekið landskrifstofu Evrópu unga fólksins frá 2007. Rannís og UMFÍ munu því vinna saman að framkvæmd Erasmus+ á Íslandi frá 2014 til 2020.

Liður í undirbúningi fyrir Erasmus+ var samráð við mennta- og menningarmálaráðuneyti um forgangsatriði Íslands við framkvæmd nýrrar áætlunar. Í framhaldinu var boðið til samtals í desember þar sem hagsmunaaðilum var boðið að koma og leggja sitt til málanna og nýttist sú vinna vel til að undirbúa starfsáætlun 2014 og forgangsatriði næstu ára.

Einn af hápunktum ársins var vegleg uppskeruhátíð sem allar Evrópuskrifstofuarnar héldu í Listasafni saman 22. nóvember. Þar voru veitt verðlaun til fyrirmyndarverkefna úr öllum verkefnaflokkum áætlunarinnar. Yfirmaður mennta- og menningarmála hjá framkvæmdastjórn ESB, Jan Trusczyński, veitti viðurkenningarnar.





Frá uppskeruhátíð Evrópuáætlana 22. nóvember í Hafnarhúsinu

ÞJÓNUSTUVERKEFNI

Rafrænt skólasamstarf – eTwinning

eTwinning er ætlað að efla rafrænt skólasamstarf í Evrópu. Það býður upp á aðgengilegan vettvang þar sem hægt er að komast í samband við evrópska samstarfsaðila, taka þátt í einföldum samstarfsverkefnum gegnum netið og sækja sér endurmenntun bæði á netinu og á evrópskum vinnustofum. eTwinning var hleypt af stokkunum árið 2005 og hefur Ísland tekið þátt frá upphafi.

Í lok október 2013 skipulagði Rannís vel heppnaða símenntunar- og tengslráðstefnu á Hótel Sögu fyrir stærðfræðikennara alls staðar að úr Evrópu. Ráðstefnuna sóttu um 100 manns frá nærri 20 Evrópuríkjum. Þemað var upplýsingatækni, stærðfræði og samstarf. Bodið var upp á vinnustofur um stærðfræði og upplýsingatækni og um eTwinning og rafræn samskiptatæki, auk vinnustofa þar sem unnið var að verkefnahugmyndum. Nánast allir þátttakendur fundu samstarfsaðila og komu á fót verkefnum sem núna eru í gangi.

Europass menntunar- og starfshæfniskjöl

Europass er evrópskt samstarfsnet sem heldur utan um stuðningsgögn vegna náms og starfs, s.s. Europass rafrænu ferilskrána á 26 tungumálum og ýmis skirteini, samhæfð fyrir Evrópu, sem skipta fólk máli þegar þarf að meta menntun og starfshæfni. Meginmarkmiðið með Europass er að auka gegnsæi menntunar og starfsreynslu, bæði heima

og að heiman. Europass er einnig ætlað að auðvelda samhæfingu prófskirteina og viðurkenninga. Helstu Europassskjölin eru, auk rafrænu ferilskrárinnar, Europass starfsmenntavegabréfið, Europass tungumálapassi, Europass viðaukar með prófskirteinum og Europass viðurkenning á erlendra starfsmenntun.

Á árinu 2013 voru viðaukar með prófskirteinum uppfærðir og þýddir á ensku í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Einnig voru haldin námskeið og fræðslufundir fyrir námsráðgjafa og vinnumiðlanir til að efla notkun rafrænu ferilskrárinnar og kynna Europass skjölin. Sett voru myndbönd inn á vefsíðu og samstarfsnetið er einnig með síður á samskiptamiðlum. Á árinu nýttu ríflega 3.500 manns Europass rafrænu ferilskrána.

Evrópumiðstöð náms- og starfsráðgjafar – Euroguidance

Megintilgangur Evrópumiðstöðvar náms- og starfsráðgjafar er að miðla evrópskri vídd í náms og starfsráðgjöf og undirstrika mikilvægi hennar. Í þessu samhengi er náms- og starfsráðgjöf séð sem tæki til að auka möguleika fólks til að læra og vinna innan allra landa Evrópu og að fá reynslu sína og hæfni hvarvetna metna. Sambærilegar Evrópumiðstöðvarnar eru starfræktar í öllum ríkjum evrópska efnahagssvæðisins og mynda samstarfsnetið Euroguidance sem heldur úti upplýsingavef þar sem finna má t.d. yfirlit yfir náms- og starfsráðgjöf í flestum löndum Evrópu og rafrænt fréttabréf um nýjungar á sviði náms- og starfsráðgjafar.

Í janúar 2013 var haldið námskeið fyrir náms- og starfsráðgjafa um möguleika á námi og starfi erlendis og veitti miðstöðin Félagi náms- og starfsráðgjafa stuðning til að halda dag náms- og starfsráðgjafa í desember sem snérist um möguleika í starfsmenntun. Sex myndbönd voru gerð í samvinnu við Europass þar sem fólk með reynslu af námi og starfi erlendis sagði frá. Þar á meðan var viðtal við mennta- og menningarmálaráðherra sem gaf Evrópusamvinnu hina bestu einkunn og hvatti ungt fólk til að afla sér menntunar og reynslu erlendis.


Evrópumiðstöð fyrir þróun starfsmenntunar – ReferNet

Markmið ReferNet samstarfsnetsins er að auka upplýsingasöfnun og miðlun upplýsinga um starfsmenntun í Evrópu. Öll lönd evrópska efnahagssvæðisins taka þátt samstarfinu og hafa tengiliðir í hverju landi það hlutverk að afla upplýsinga um nýjungar í starfsmenntun í sínu land og að koma þeim til CEDEFOP, sem er miðstöð ESB um þróun starfsmenntunar. Þar eru skýrslur og fréttir um Ísland aðgengilegar öllum. Auk reglubundinna skýrsla um starfsmenntun á Íslandi var unnin skýrsla um breytingar á stefnu yfirvalda í starfsmenntamálum og um greiningar á brottfalli á Íslandi.

Upplýsingamiðstöð um nám erlendis

Upplýsingastofa um nám erlendis var einn af þeim þáttum sem fluttist í upphafi árs 2013 frá Háskóla Íslands til Rannís. Á árinu var alls haft samband 800 sinnum við upplýsingastofuna en álagið dreifðist mjög misjafnlega eins og sjá má af meðfylgjandi yfirlitsmynd. Í janúar ár hvert rennur út umsóknafrestur um skólavist í Bandaríkjunum og svo fylgja norðurlöndin í kjölfarið, í febrúar og mars. Langmest er spurt um nám í Danmörku og það nám sem oftast er spurt um er læknisfræði.

Yfirlitsmynd yfir þjónustu Upplýsingastofu um nám erlendis 2013



Eitt af þeim verkefnum sem fyrir lá var að búa til nýjan upplýsingavef um nám erlendis. Þar sem Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE), heldur einnig úti slíkum vef, var ákveðið að Rannís og SÍNE myndu taka höndum saman um nýjan vef og mun SÍNE í framtíðinni hafa samband við sína félagsmenn erlendis og biðja þá um efni á vefinn. Vefurinn verður aðgengilegur frá heimasíðum bæði Rannís og SÍNE og hófst vinna á árinu við undirbúning vefsins með þarfagreiningu, frumdrögum að veftré og öflun tilboða í hönnun vefsins, en gert er ráð fyrir að hann geti farið í loftið vorið 2014.

NORRÆNT SAMSTARF

Mennta- og menningarsvið Rannís tók við þremur norrænum verkefnum. Nordplus áætluninni, Arctic Studies og norrænum sumarstyrkjum.

Nordplus

Nordplus er norræn menntaáætlun sem starfar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Hlutverk áætlunarinnar er að veita styrki til ýmis konar samvinnu á sviði menntamála á norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum með áherslu á gæði og nýsköpun. Nordplus samanstendur af fimm undiráætlunum og hefur Rannís yfirumsjón með einni þeirra, norrænu tungumálaáætluninni. Árið 2013 bárust 24 umsóknir og hlutu 17 verkefni styrk samtals að upphæð 605.500 evrum eða um 96 m.kr. Þar af höfðu Íslendingar yfirumsjón með 5 verkefnum. Alls tóku 267 íslenskir aðilar þátt í Nordplus umsóknum í ár, en þar sem nokkrar stofnanir taka þátt í fleiri en einni umsókn eru stofnanirnar í raun færri. Á heildina litið var íslensk þátttaka á árinu hlutfallslega mjög góð.



Fjöldi áhugasamra gesta fræddist um Evrópustyrki á Háskólatorgi í janúar

Arctic Studies

Arctic Studies áætlunin er tvíhliða samstarf á milli Íslands og Noregs á sviði norðurslóðafræða og byggir á þriggja ára samningi á tímabilinu 2012-2015. Styrkir eru til stúdentaskipta (Exchange Scholarship Fund) og til samstarfs á milli stofnana (Science Cooperation Fund). Styrkir til stúdentaskipta eru í 1-12 mánuði og geta verið á öllum námsstigum og falið í sér nám, rannsóknir og/eða starfsnám. Í samstarfi milli stofnana eru veittir allt að átta ferðastyrkir til starfsmanna á verkefni og eitt helsta markmiðið að styðja nýtt samstarf á milli íslenska og norskra stofnana. Alls bárust 57 umsóknir og var úthlutað 42 styrkjum, alls um 40 m.kr.

Norrænir sumarstyrkir til íslenskra stúdenta

Norræna ráðherranefndin, í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið, veitti 28,5 m.kr. á árinu í styrki til íslenskra námsmanna á norðurlöndum. Þetta var í fjórða og jafnframt síðasta sinn sem slíkir styrkir voru veittir, því ekki er gert ráð fyrir að þessir styrkir verði veittir aftur árið 2014. Sjóðurinn var settur á laggirnar eftir að krónan féll og atvinnuleysi jókst vorið 2009 og var ætlaður til að styrkja námsmenn í fjárhagsvanda vegna atvinnuleysis yfir sumarmánuðina, sem höfðu hvorki möguleika á námslánafyrirgreiðslu né rétt á atvinnuleysisbótum milli námsára. Alls bárust 189 umsóknir og 171 háskólanemi hlaut styrk að upphæð 166.000 kr. hver.

Innlendir sjóðir sem Rannís tók við á árinu

Á árinu 2013 tók Rannís að sér umsjón með ellefu innlendum sjóðum á sviði menntunar, menningar, íþróttar og æskulýðsmála. Mikil breidd er í viðfangsefnum og fjárhagslegt umfang sjóðanna er mjög mismunandi eins og yfirlitið fremst í kaflanum ber með sér. Heildarfjöldi umsókna sem Rannís tók á móti vegna þessara sjóða á árinu 2013 var á þriðja þúsund, en í nokkrum tilvikum tók stofnunin við þjónustu á síðari hluta ársins þannig að gera má ráð fyrir að heildarfjöldi umsókna verði meiri árið 2014. Þessi mikli fjöldi umsókna reyndist talsverð áskorun því vinna þarf umsóknarform fyrir hvern sjóð sérstaklega. Þá var umsóknarkerfi Rannís nýtt fyrir flesta umsækjendur, sem áttu sumir erfitt með að átta sig á rafræna umsóknarkerfinu.

Árangurshlutfall var nokkuð mismunandi eftir sjóðum, en þar sem Rannís tók ekki við öllum sjóðunum í upphafi árs og í einu tilviki verður fyrst um úthlutun að ræða árið 2014, þá gefur yfirlitsmyndin ekki nákvæma mynd. Þó má sjá að á heildina er árangurshlutfallið innan við þriðjungur, sem þýðir að tveir þriðju hluta umsókna hljóta ekki brautargengi. Sé lítið á upphæðir, þá var sótt var um ríflega 5 milljarða kr. í styrki en til ráðstöfunar á fjárlögum voru tæplega 1,3 milljarðar kr. Eftirspurn eftir styrkjum er því um fjórfalt meiri en það fjármagn sem til ráðstöfunar er. Það er því ljóst að samkeppnin er hörð og að almennt er verið að veita styrki til góðra verkefna.

Á heildina lítið er það mat mennta- og menningarsviðs að vel hafi tekist til við að taka á móti umsóknum og undirbúa vinnu þeirra sem mátu umsóknir og gerðu tillögur um úthlutun þótt ýmsar áskoranir hafi mætt starfsfólki og stjórnnum á árinu. Í lok ársins var búið að ljúka allri þeirri vinnu sem áætlun ársins gerði ráð fyrir. Hér að neðan er í mjög stuttu máli farið yfir hlutverk hvers sjóðs og úthlutanir ársins 2013.

Námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla

Kennarar, skólameistarar og aðrir sem starfað hafa í a.m.k. fimm ár við kennslu- eða stjórnunarstörf í framhaldsskóla geta sótt um sérstakt námsorlof til að efla þekkingu sína og hæfni í starfi. Námsorlof getur annars vegar falist í fullu leyfi frá störfum í allt að eitt ár eða lækkun á vinnuskyldu innan þeirra marka og hins vegar í greiðslu fastra launa í allt að eitt ár eða greiðslu hlutfalls fastra launa sem svarar til lækkunar vinnuskyldu, ef um slíkt er að ræða.

Umsóknafrestur um námsorlof á framhaldsskólastigi er 1. október ár hvert vegna námsorlofs sem hefst í upphafi næsta skólaárs og tók Rannís við umsóknum í fyrsta sinn í október 2013. Alls bárust umsóknir frá einstaklingum og skólum fyrir 110 kennara, skólastjórnendur og náms- og starfsráðgjafa. Alls sóttu 99 framhaldsskólakennarar um orlof í eigin nafni og 10 umsóknir bárust frá skólum fyrir hönd kennara, en nefndin hefur 5 stöðugildi til slíkrar útlutunar. Einn skólameistari sótti um námsorlof að þessu sinni. Námsorlofsnefnd framhaldsskóla gerði tillögu um að kennarar í 26 framhaldsskólum, í alls 35 stöðugildum sem samningar kveða á um, fái námsorlof skólaárið 2014-2015,

Styrkir til íslenskukennslu fyrir útlendinga

Markmiðið með styrkjunum er að gefa öllum sem búsettir eru hér á landi, og skráðir eru með lögheimili í Þjóðskrá, færi á að öðlast þá færni í íslensku að þeir geti orðið virkir samfélagsþegnar á Íslandi. Veittir eru styrkir tvisvar á ári, vor og haust, til að halda námskeið í íslensku fyrir fullorðna útlendinga og nemendur af erlendum uppruna í framhaldsskólum. Styrkir eru veittir fræðsluáðilum og fyrirtækjum er bjóða nám í íslensku sem ekki er hluti af almennu námi á grunn- eða framhaldsskólastigi. Rannís tók ekki við þjónustu við þennan sjóð fyrr en undir lok ársins, auglýst var eftir umsóknum í nóvember og var fyrsti umsóknarfrestur 15. janúar 2014.

Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara (SEF)

Nefndin hefur starfað í 20 ár og styrkt námskeið í samvinnu við faggreinafélög framhaldsskólakennara, auk þess sem nefndin hefur skipulagt sumarnámskeið, vettvangsnám með vinnu og átt samstarf við háskóla um áfanga til eininga fyrir starfandi kennara. Endurmenntun Háskóla Íslands hafði áður umsjón með verkefnum samstarfsnefndarinnar að hluta, auk þess að sjá um framkvæmd námskeiða sem nefndin styrkti. Þar sem nefndin hafði farið umfram fjárheimildir árið 2012 var minna til ráðstöfunar árið 2013 en þær 37,7 m.kr. sem voru fjárlögum. Því var verkefnaflokkum fækkað frá því sem áður var. Rannís sá um þjónustu fyrir tvo umsóknarfresti á árinu, einn vegna sumarnámskeiða

og annan vegna hauststyrkja til fagfélaga. Ekki var boðið upp á vettvangsnám á árinu 2013. Bárust samtals 42 umsóknir. Veittir voru 38 styrkir til faggreinafélaga samtals að upphæð um 19 m.kr.

Próunarsjóður námsgagna

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla í því markmiði að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Próunarsjóðurinn var fyrsti innlendi menntasjóðurinn sem Rannís tók við umsýslu með og var umsóknarfrestur 11. febrúar. Verklagsreglur voru skýrðar og færðar nær því sem gengur og gerist í þeim sjóðum sem Rannís hefur haft umsjón með. Vel gekk að taka á móti umsóknum í vefkerfi Rannís og litlir hnökror komu fram á verkferlum. Sjóðnum bárust 144 umsóknir og samanlagðar fjárbeiðnir námu tæplega 190 m.kr. Styrkt voru 35 verkefni, en til ráðstöfunar voru um 43 m.kr. og var því meðalstyrkur ríflega 1 m.kr.

Vinnustaðanámssjóður

Vinnustaðanámssjóður veitir styrki til fyrirtækja og stofnana vegna vinnustaðanáms og starfsþjálfunar sem er skilgreindur hluti af starfsnámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Um vinnustaðanám fer eftir ákvæðum laga um framhaldsskóla og er hlutverk sjóðsins að bæta stöðu starfsmenntunar og stuðla að eflingu vinnustaðanáms. Fjárveiting til sjóðsins var 150 m.kr. á fjárlögum 2013. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur verið í samstarfi við m.a. Iðuna og Rafiðnarsambandið um tiltekna þætti í framkvæmd þessara styrkveitinga og hélt Rannís því áfram þegar það tók við umsýslu sjóðsins um mitt ár fyrir seinni umsóknarfrest 2013, sem var 14. júní. Samtals bárust umsóknir um styrki fyrir 7.723 vikur vegna 402 einstaklinga og var úthlutað styrkjum vegna 6.780 vikna. Styrkupp-hæðin var kr. 12.000 á viku og heildarúthlutun því 81,3 m.kr. Styrkjunum var úthlutað til 119 fyrirtækja og stofnanana og var heildarfjöldi nema 382. Mest er eftirspurnin frá veitingagreinum og voru um 59% af umsóknum vegna nema í matreiðslu og framreiðslu.

Starfslaun listamanna

Starfslaun listamanna skiptist í sex sjóði eftir listgreinum og er hlutverk þeirra að veita listamönnum starfslaun og styrki samkvæmt lögum um listamannalaun. Sérstakar nefndir annast úthlutun starfslauna úr sjóðunum og eru þær skipaðar samkvæmt tillögum fagfélaga ofangreindra sjóða. Ákvarðanir um veitingu framlaga úr sjóðum þessum skulu taka mið af þeim tilgangi að efla listsköpun í landinu. Mennta- og menningarmálaráðherra skipar þrjá menn í stjórn listamannalauna til þriggja ára í senn, einn sam-



Áhugasamir gestir á Vísindavöku Rannís

kvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra listamanna, einn samkvæmt tilnefningu Listaháskóla Íslands og einn án tilnefningar og tekur stjórnin ákvörðun um úthlutun.

Fjárveiting til sjóðsins var ríflega 500 m.kr. á fjárlögum 2013 og var hann því langstærsti innlendi sjóðurinn sem bættist við verkefni Rannís á árinu. Úthlutað er einu sinni á ári og er auglýst að hausti vegna starfslauna sem greidd eru af fjárlögum næsta árs á eftir. Fyrsti umsóknarfrestur í umsýrn Rannís var 25. september og lauk störfum úthlutunarnefndanna sex í nóvember. Alls bárust 773 umsóknir frá einstaklingum og hópum um starfslaun eða ferðastyrki sem nam hátt í 10.000 mánaða laun. Til úthlutunar voru 1600 mánaðarlaun. Samkvæmt fjárlögum 2014 eru mánaðarlaunin kr. 310.913, en úthlutað var til 245 einstaklinga og hópa. Skipting umsókna milli einstakra sjóða 2014 var eftirfarandi:

- **Launasjóður hönnuða**, 50 mánuðir til úthlutunar. Alls bárust 49 umsóknir sem skiptust þannig: 29 einstaklingsumsóknir, 11 umsóknir um samstarfsverkefni og 9 umsóknir í launasjóð hönnuða og aðra sjóði.
- **Launasjóður myndlistarmanna**, 435 mánuðir til úthlutunar. Alls bárust 219 umsóknir sem skiptust þannig: 184 einstaklingsumsóknir, 9 umsóknir um samstarfsverkefni, 19 umsóknir í launasjóð myndlistarmanna og aðra sjóði auk 7 umsókna um ferðastyrki.
- **Launasjóður rithöfunda**, 555 mánuðir til úthlutunar. Alls bárust 183 umsóknir sem skiptust þannig: 168 einstaklingsumsóknir, 3 umsóknir um samstarfsverkefni og 12 umsóknir í launasjóð rithöfunda og aðra sjóði.
- **Launasjóður sviðslistafólks**, 190 mánuðir til úthlutunar. Alls bárust 155 umsóknir sem skiptust þannig: 31 einstaklingsumsóknir, 105 umsóknir frá sviðslista-

hópum, 8 umsóknir í launasjóð sviðslistafólks og aðra sjóði auk 11 umsókna um ferðastyrki.

- **Launasjóður tónlistarflytjenda**, 180 mánuðir til úthlutunar. Alls bárust 95 umsóknir sem skiptust þannig: 5 einstaklingsumsóknir, 7 umsóknir um samstarfsverkefni, 22 umsóknir í launasjóð tónlistarflytjenda og aðra sjóði og 7 umsóknir um ferðastyrki.
- **Launasjóður tónskálda**, 190 mánuðir til úthlutunar. Alls bárust 73 umsóknir sem skiptust þannig: 45 einstaklingsumsóknir, 25 umsóknir í launasjóð tónskálda og aðra sjóði og 2 umsóknir um ferðastyrki.

Barnamenningarsjóður

Meginhlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni á sviði barnamenningar. Til barnamenningar teljast verkefni á sviði lista og menningar sem unnin eru fyrir börn og/eða með virkri þátttöku barna. Fjárveiting til sjóðsins var 4 m.kr. á fjárlögum 2013 og er hann því minnsti sjóðurinn sem Rannís veitti þjónustu á árinu. Auglýst var eftir umsóknum í mars 2013 en umsóknarfrestur var til 11. apríl. Sjóðnum bárust 64 umsóknir að heildarupphæð 55 m.kr.. Einungis var hægt að styrkja 13 verkefni að upphæð 3,6 m.kr.. Flestir styrkir voru á bilinu 2-400 þ.kr. en einn umsækjandi, Barnabókasetur Íslands, hlaut styrk að upphæð 700 þ.kr.

Styrkir til atvinnuleikhópa

Leiklistarráð gerir tillögu til mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úthlutun fjár sem veitt er í fjárlögum til stuðnings atvinnuleikhópum. Veittir eru styrkir til einstakra verkefna eða samfellds starfs til lengri tíma og er afstaða tekin til skiptingar fjárens eftir eðli umsókna og framlagi á fjárlögum hverju sinni. Fjárveiting til sjóðsins var um 68,5 m.kr. á fjárlögum 2014 sem var umtalsvert lægri fjárupphæð en árið á undan. Hefð er fyrir því að úthlutun til atvinnuleikhópa haldist í hendur við úthlutun starfslauna lista-

manna og var umsóknarfrestur sá sami. Þrátt fyrir niðurskurð í fjárveitingum bárust nokkuð fleiri umsóknir 2013 en árið áður eða alls 105 umsóknir frá 86 aðilum þar sem sótt var um 529 m.kr. og þar af bárust tvær umsóknir um samstarfssamning. Mennta- og menningarmálaráðuneytið samþykkti tillögu leiklistarráðs um úthlutun á styrkjum til atvinnuleikhópa fyrir árið 2014. Úthlutað var 65,6 m.kr. til 13 verkefna þannig að meðal styrkur var um 5 m.kr.

Tónlistarsjóður

Hlutverk sjóðsins er að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, tónlistardeild sem veitir styrki til almennrar tónlistarstarfsemi, svo sem tónlistarflutnings, tónlistarhópa, tónlistarhátíða, rannsókna og skráningu á tónlist, varðveislu tónlistar og annarrar tónlistarstarfsemi og markaðs- og kynningardeild sem veitir styrki til markaðssetningar og kynningarverkefna í tengslum við íslenska tónlist og tónlistarmenn og til annarra verkefna sem miða að kynningu á íslenskri tónlist og tónlistarmönnum innanlands og erlendis. Fjárveiting til sjóðsins á fjárlögum 2013 var 89,9 m.kr. en úthlutað er tvisvar á ári. Rannís tók við þjónustu við sjóðinn fyrir seinni umsóknarfrestinn sem var 22. maí 2013 vegna verkefna síðari helmings árs 2013. Sjóðnum bárust 122 umsóknir og sótt var um 111 m.kr. Úthlutað var 34 m.kr. til 73 umsækjenda og var meðal styrkur því um 500 þ.kr. Í fjárlögum fyrir árið 2014 er fjárveiting til sjóðsins 44,9 m.kr.. Umsóknarfrestur var 15. nóvember vegna verkefna sem efnt verður til á tímabilinu 1. janúar - 1. júlí 2014. Alls bárust 176 umsóknir, samtals að upphæð 194 m.kr. Sextíu umsóknir voru samþykktar að upphæð 27,4 m.kr., þar meðtaldir eru þeir samstarfssamningar sem endurnýjaðir voru til þriggja ára að upphæð alls 12 m.kr. Með þeim samningum sem fyrir voru gera þetta samtals 34 m.kr. sem tilheyra fjárlögum 2014.

Íþróttasjóður

Íþróttasjóði er ætlað að efla íþróttir í landinu og veitir sjóðurinn styrki til ólíkra verkefna í því skyni, en á fjárlögum 2013 voru um 23 m.kr. til ráðstöfunar. Verkefni geta verið á vegum íþróttafélaga og samtaka þeirra sem miða að því að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar, útbreiðslu- og fræðsluverkefna eða á sviði íþróttarannsókna í þeim tilgangi að auka þekkingu á íþróttum. Umsóknarfrestur var 1. október og bárust 212 umsóknir þar sem sótt var um 180 m.kr. í styrki. Að tillögu íþróttanefndar var ákveðið að úthluta styrkjum til 72 verkefna að upphæð 17,4 m.kr. sem kemur af fjárlögum 2014. Skipting verkefna var þannig, að 48 verkefni fengu styrk til að bæta aðstöðu til íþróttaiðkana, 20 fræðslu- og útbreiðsluverkefni fengu styrk og 4 verkefni vegna rannsókna í íþróttufræðum. Meðal styrkur var þannig tæplega 250 þ.kr.

Æskulýðssjóður

Hlutverk æskulýðssjóðs er að styrkja verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka. Um getur verið að ræða verkefni sem unnin eru fyrir börn og ungmenni og/eða með virkri þátttöku þeirra, þjálfun forystufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða eða samstarfsverkefni æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka. Hvorki er heimilt að styrkja árvissa eða fasta viðburði í félagsstarfi, svo sem þing, mót eða þess háttar viðburði, né ferðir hópa. Fjárveiting til sjóðsins var um 17 m.kr. á fjárlögum 2013. Umsóknarfrestur er fjórum sinnum á ári; í febrúar, apríl, september og nóvember. Rannís tók við rekstri sjóðsins um mitt ár og hafði því umsjón með tveimur síðari umsóknarfrestunum, sem voru 3. september og 1. nóvember. Bárust 88 umsóknir þar sem sótt var um samtals 43 m.kr. Hlutu 53 verkefni styrki, samtals að upphæð um 13 m.kr. þannig að meðal styrkur var einungis um 250 þ.kr.



Visindavakan er vinsælasti viðburður Rannís

Alþjóðasvið

Alþjóðasvið Rannís veitir upplýsingar um alþjóðlega sjóði og áætlanir sem Rannís hefur umsjá með fyrir hönd Íslands, auk almennra upplýsinga og ráðgjafar um styrkjамöguleika Íslendinga erlendis.

Alþjóðasvið Rannís hefur umsjón með rannsóknaráætlun Evrópusambandsins fyrir hönd Íslands auk tengdra áætlana sem miða að því að styðja við alþjóðlegt samstarf íslensks vísinda- og nýsköpunarsamfélags, svo sem COST og Jules Verne. Alþjóðasvið hefur einnig umsjón með hlut Rannís í samstarfsnetinu Enterprise Europe Network sem styður við þátttöku fyrirtækja í rannsóknum og nýsköpun.

7. Rannsóknaráætlun Evrópusambandsins

Umsjón með þátttöku Íslands í rannsóknaráætlun Evrópusambandsins er stærsta einstaka verkefni alþjóðasviðs Rannís. Í því felst seta í stjórnarnefndum og umsjón með starfi stjórnarnefndarfulltrúa og landstengiliða áætlunarinnar, auk þess sem Rannís skipuleggur kynningu á áætluninni og stendur fyrir fundum og námskeiðum sem miða að því að auka og auðvelda þátttöku íslensks vísindasamfélags í evrópsku samstarfi. Einnig heldur alþjóðasvið utan um íslenska þátttöku í ERA netunum sem miða að því að koma á samstarfi rannsóknasjóða aðildarlandanna.

Í árslok 2013 höfðu íslenskir aðilar sent inn 887 umsóknir í 7. rannsóknaráætlunina og búið var að undirrita samninga um 201 verkefni með íslenskrum þátttöku. Heildarstyrkur til íslenskra aðila er þar með kominn upp í 66 milljónir evra. Á árinu voru íslenskir aðilar virkastir í þremur undirráætlunum 7.rá, mannauðsáætluninni (People) sem jafnan er kennd við Marie Curie, umhverfisáætluninni (Environment) og heilbrigðisáætluninni (Health).

Í árslok 2013 lauk 7. rannsóknaráætlun ESB og á árinu hófst undirbúningur undir þátttöku Íslands í næstu rannsóknaráætlun sambandsins, Horizon 2020, sem mun hefjast í ársbyrjun 2014 og gilda úr árið 2020.

Landstenglaverkefni

Rannís tekur þátt í fjölda landstenglaverkefna innan 7. rannsóknaráætlunarinnar, en verkefnið miða að því að styrkja samstarf landstengiliða mismunandi undirátætlana, fræða þá um áætlunina og bæta færni þeirra svo þeir geti veitt umsækjendum og hagsmunaaðilum betri þjónustu. Á árinu tóku starfsmenn alþjóðasviðs virkan þátt í eftirtöldum verkefnum:

- **SiS.net** – samstarf landstengla innan vísinda í samfélaginu
- **Net4Society** – samstarf landstengla innan hug- og félagsvísindaáætlunarinnar
- **C-Energy** – samstarf landstengla innann orkuáætlunarinnar
- **Cosmos** – samstarf landstengla innan geimvísindaáætlunarinnar
- **EuroRis Net** – samstarf landstengla í innviðum rannsókna

Próunarsjóður EFTA

Hlutverk Próunarsjóðs EFTA er að draga úr félagslegum og efnahagslegum ójöfnuði á evrópska efnahagssvæðinu. Rannís gegnir hlutverki landstengiliðs á Íslandi í undirbúningi styrkjaáætlana sem reknar er á vegum sjóðsins, en um er að ræða samstarf milli þriggja EFTA landa, Noregs, Íslands og Lichtenstein. Þátttökulönd eru Slóvenía, Slóvakía, Tékkland, Ungverjaland, Rúmenía, Pólland, Litháen, Eistland og Spánn. Rannís er einnig landstengiliður og samstarfsaðili í rannsóknaráætlun í samstarfi við Rúmeníu ásamt Orkustofnun. Heildarupphæð þeirrar áætlunarinnar er rúmar 21 milljón evrur.

Euraxess – Evrópska rannsóknastarfsgöngið

Alþjóðasvið Rannís hefur umsjón með starfsemi Euraxess á Íslandi og heldur utan um vefsíðuna www.euraxess.is en þar getur Íslenskt og erlent vísindafólk, sem hyggst starfa í öðru landi en sínu heimalandi, fundið upplýsingar og aðstoð við vistaskipti og búferlaflutninga.

Enterprise Europe Network

Rannís er aðili að samstarfsnetinu Enterprise Europe Network ásamt Íslandsstofu og Evrópumíðstöð Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem leiðir samstarfið á Íslandi. Hlutverk Rannís er að vera tengiliður fyrir 7. rannsóknaráætlunarinnar með það að markmiði að greiða fyrir þátttöku fyrirtækja í evrópsku rannsóknasamstarfi.

Jules Verne

Jules Verne er samstarfsverkefni Frakklands og Íslands á sviði vísinda- og tæknirannsókna. Mennta- og menningar- málaráðuneytið stýrir samstarfinu fyrir hönd Íslands en



Vísindamenn framtíðarinnar fræðast um efnafræði á Vísindavöku

Rannís sér um framkvæmd þess. Tilgangurinn með samstarfinu er að virkja vísinda- og tæknisamstarf milli stofnana, skóla og rannsóknarhópa í báðum löndum og að auðvelda samstarf við önnur slík samstarfsverkefni í Evrópu. Styrkir eru veittir til ferða- og dvalarkostnaðar fyrir vísindamenn en önnur fjármögnun verkefna verður að koma frá stofnunum sem taka þátt í samstarfinu eða eftir öðrum leiðum. Fjármögnunin er samþykkt til tveggja ára í senn og er úthlutun annaðhvort ár. Sex verkefni hlutu styrk úr sjóðnum í ár.

COST

COST (European Cooperation in the field of Scientific and Technical Research) er almennur rammi um samstarf á sviði vísinda- og tæknirannsókna sem komið var á fót árið 1971, en nú eru 36 þjóðríki aðilar að COST samstarfinu. Tilgangur COST verkefna er að byggja upp samstarfsnet á ákveðnum rannsóknasviðum. Þátttakendur í COST verkefnum skiptast á reynslu og niðurstöðum í gegnum fundi og ráðstefnur, vinnustofur og heimsóknir. Verkefnið greiðir fyrir kostnað vegna ferða og ráðstefnuhalds en greiðir ekki kostnað við rannsóknaverkefni sjálf. Þátttaka Íslendinga hefur aukist jafnt og þétt síðastliðin ár, enda hefur samstarf á vegum COST oft leitt til áframhaldandi samstarfs á milli þátttakenda í styrkumsóknum í stærri verkefni. Í árslok 2013 voru 89 COST verkefni í gangi með 149 þátttakendum frá Íslandi.

ERA-net

ERA-net er samstarf evrópskra rannsóknasjóða er styrkja rannsóknir og nýsköpun á ýmsum sviðum. Íslenskir rannsóknasjóðir og Rannís taka þátt í ýmsum ERA-netum sem gerir Íslenskum fyrirtækjum og stofnunum kleift að taka þátt í fjölpjóðlegum rannsóknarverkefnum sem styrkt eru af ákveðnum samstarfsnetum. Hvert ERA-net hefur sín eigin áherslusvið, þátttökureglur og umsóknarfresti. Á árinu tók Rannís þátt í eftirfarandi ERA-netum.



Niðurstöður evrópskra samstarfsverkefna voru kynntar á uppskeruhátíð Evrópuáætlana 22. nóvember.

HERA er samstarfsnet (ERA-net) á sviði hugvísinda með þátttöku 21 fjármögnunaraðila í Evrópu og Evrópsku vísindastofnunarinnar, eða The European Science Foundation – ESF. Markmið HERA er að styrkja rannsóknir innan hugvísinda á evrópska rannsóknasvæðinu og efla hugvísindi innan Rannsóknaráætlunar ESB. Auglýst var eftir umsóknum á vegum netsins fyrir styrkárinn 2013-2016 með áherslu á Cultural Encounters. Veittir voru styrkir að upphæð 18,5 milljón evrur. Ísland tók þátt ásamt 18 öðrum rannsóknasjóðum frá 18 löndum. Alls bárust 593 umsóknir í fyrstu umferð og var 89 verkefnum boðið að senda inn ítarlegri umsókn. Alls voru 18 verkefni styrkt. Tveir þátttakendur frá Íslandi taka þátt í verkefninu Arctic Encounters: Contemporary Travel/Writing in the European High North (ENCARC) sem var eitt þeirra verkefna sem hlaut brautargengi.

NORFACE er samstarfsnet (ERA-net) á sviði félagsvísinda með þátttöku 15 fjármögnunaraðila í Evrópu. Markmið NORFACE er að auka samstarf rannsóknasjóða til að auka samstarfsmöguleika í rannsóknum á sviði félagsvísinda. Auglýst var eftir umsóknum á vegum netsins árið 2013 með áherslu á rannsóknir á framtíð velferðarríkja (Welfare State Futures). Alls bárust 191 umsóknir í fyrstu umferð og var 47 verkefnum boðið að senda inn ítarlegri umsókn. Þar á meðal voru umsækjendur frá Íslandi. Úthlutun mun fara fram um mitt ár 2014.

Seas-ERA er Evrópskt samstarfsnet (ERA-net) á sviði hafrannsókna og fiskveiða. Rannís er stofnaðili að netinu. SEAS-ERA er framhald tveggja verkefna, MarinEra og Marifish. Rannís tók þátt í Marifish frá byrjun, en var ekki þátttakandi í MarinEra. Á árinu var lýst eftir umsóknum á vegum netsins og eru Íslendingar þátttakendur í tveimur verkefnum, annars vegar Háskóli Íslands í verkefninu SEAMAN (Ecosystem approach and ecosystem models for the North Atlantic Ocean) og hins vegar Hafrannsóknastofnun í INVASIVES (Risk assessment of invasive alien species – changes in marine biodiversity). Íslenski hluti verkefnanna er fjármagnaður af Verkefnasjóði sjávarútvegsins.

COFASP er evrópskt samstarfsnet (ERA-net) á sviði fiskveiða, fiskeldis og framleiðslu sjávarafurða, með þátttöku 26 fjármögnunaraðila frá 15 Evrópulöndum. Áformað er að auglýsa eftir umsóknum þrisvar á tímabilinu 2014-2017, fyrst í apríl 2014. Fjármögnun íslenska hlutans kemur úr Tækniþróunarsjóði.

MarineBiotech er evrópskt samstarfsnet (ERA-net) á sviði sjávarlíftækni með þátttöku 20 fjármögnunaraðila frá 15 Evrópulöndum. Stefnt er á að auglýsa eftir umsóknum á árinu 2014 en fjármögnun íslenska hluta verkefnanna liggur ekki fyrir.

JPI-Oceans

JPI-Joint Programming Initiative er samstarfsvettvangur innan rannsóknaráætlunar ESB. Norðmenn hafa haft forgöngu um að koma á fót JPI-Oceans – Healthy and Productive Seas and Oceans. Ísland tekur þátt í verkefninu. Samstarfsnetin Seas-ERA, COFASP og MarineBiotech tengjast sjávarrannsóknum á breiðum grunni og tilheyra samstarfi undir JPI-Oceans.

M-ERA er evrópskt samstarfsnet (ERA-net) á sviði efnis-tækni. Netið hófst 2012 og er samstarf 32 fjármögnunaraðila frá 23 Evrópulöndum ásamt Rússlandi, Japan og Taívan. Fyrsta umsóknarferli af fjórum lauk á árinu 2013 og af 23 umsóknum sem fengu vilyrði fyrir styrk var eitt verkefni með íslenskri þátttöku frá HÍ. Tækniþróunarsjóður fjármagnar íslenska hluta verkefnisins.

ERA-Geothermal er evrópskt samstarfsnet (ERA-net) stofnana frá 10 Evrópulöndum á sviði jarðvarmarannsókna. Verkefnið hófst í maí 2012 og er til fjögurra ára en enn hefur ekki verið lýst eftir umsóknum. Orkustofnun er verkefnisstjóri netsins.

ERA NanoMed II er evrópskt samstarfsnet (ERA-net) á sviði örtækni í þágu heilbrigðisvísinda. Verkefnið er samstarf 20 fjármögnunaraðila frá 17 Evrópulöndum, það hófst 2012 og stendur í fjögur ár. Tilgangur þess er að auka samstarfsmöguleika vísindamanna frá aðildarlöndunum netsins, sem starfa í líftækni með áherslu á örtækni. Auglýst er eftir umsóknum á vegum netsins árlega. ENMII er framhald af fyrra verkefni, EuroNanoMed, sem Rannís tók einnig þátt í.

ERA SysApp er evrópskt samstarfsnet (ERA-net) á sviði hagnýtrar kerfislíffræði. Verkefnið er samstarf 16 fjármögnunaraðila frá 13 Evrópulöndum. ERASysAPP er verkefni til þriggja ára, 2012-2015, og er auglýst eftir umsóknum árlega.

Neuron er evrópskt samstarfsnet (ERA-net) á sviði taugalíf-fræði og er framhald af fyrra samstarfsneti. Þátttakendur eru 22 fjármögnunarsjóðir frá 16 Evrópulöndum, Kanada og Ísrael. Verkefnið hóf göngu sína 2012 og lýkur 2014. Árið 2013 var lýst eftir umsóknum og 10 milljón evrum úthlutað í styrki. Rannís tók ekki þátt í úthlutuninni fyrir 2013 þar sem ekki var hægt að tryggja fjármögnun.

Norrænt vísindasamstarf

NOS-HS

NOS-HS er samstarfsvettvangur í hug- og félagsvísindum á vegum norrænu rannsóknasjóðanna. Auglýst hefur verið eftir umsóknum þrisvar á vegum NOS-HS frá árinu 2008. NOS-HS hefur einnig staðið fyrir styrkjum til að standa straum af kostnaði vegna vinnufunda, eða sk. Exploratory Workshops en slíkum styrkjum verður næst úthlutað árið 2014.

NOS-M

NOS-M er samstarfsvettvangur í heilbrigðisvísindum á vegum norrænu rannsóknasjóðanna. Tilgangur samstarfsins er að samræma og efla rannsóknir í heilbrigðisvísindum á norðurlöndum. Auk norðurlandanna er áheyrnarfulltrúum frá NordForsk, Norrænu ráðherranefndinni, Eistlandi, Lettlandi og Litháen boðið að taka þátt í NOS-M samstarfinu.

Norrænt samstarfsverkefni í heilsu og velferð á vegum Nordforsk

NordForsk stendur fyrir norrænni samstarfsáætlun á sviði heilsu og velferðar, The Nordic Programme on Health and Welfare. Áætlunin er til fimm ára, hún heyrir undir Nordforsk og er tilgangur hennar að styrkja samnorræn rannsóknarverkefni og rannsóknainnviði í heilbrigðisvísindum. Unnið er með fjóra þætti: heilsu og velferð á norðurlöndunum, raf-ræna innviði í heilbrigðisþjónustu og rannsóknum, norrænt samstarf varðandi geymslu og söfnun lífssýna (BBMRI Nordic) og rannsóknadrifna nýsköpun.

Nordic Innovation

Tækniþróunarsjóður tekur þátt í samstarfi fyrir hönd Rannís við Norrænu nýsköpunarstofnunina, Nordic Innovation, í tveimur verkefnum, annars vegar PP&I in Health: Public Procurement and Innovation in Health, sem verkefni til að stuðla að nýsköpun og nýjum lausnum í heilbrigðisgeira. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hefur verið þátttakandi í verkefninu, og hins vegar Nordic Build sem er verkefni um þróun vistvænni bygginga.

Sóknarstyrkir

Alþjóðasvið Rannís hefur umsjón með úthlutun sóknarstyrkja sem veittir eru til undirbúnings umsókna í alþjóðlega rannsóknasjóði. Forgangur er veittur umsóknum vegna undirbúnings umsókna í 7. rannsóknáætlun ESB en mögulegt er að styrkja annað samstarf samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins. Stjórnir Rannsóknasjóðs og Tækniþróunarsjóðs ákváðu að leggja til allt að 20 m.kr. á árinu 2013 til að styrkja undirbúning alþjóðlegs vísinda- og þróunarsamstarfs með íslenskri þátttöku.



Sjóðir Rannís styðja við rannsóknir og nýsköpun jafnt sem menntun og menningu

Rannsókn- og nýsköpunarsvið

Rannsókn- og nýsköpunarsvið hefur umsjón með rekstri tveggja stórra samkeppnissjóða, annars vegar Rannsóknasjóðs fyrir rannsóknir og vísindi og hins vegar Tækniþróunarsjóðs fyrir þróun og nýsköpun. Auk þessa hefur Rannsókn- og nýsköpunarsvið umsjón með Innviðasjóði, markáætlun og Nýsköpunarsjóði námsmanna, ásamt nokkrum minni sjóðum. Starfsmenn sviðsins þjónusta stjórnir og fagráð sjóðanna, annast framkvæmd og skipulag á matsferli, samningsgerð, eftirfylgni verkefna, samskipti við umsækjendur/styrkþega og kynningar á sjóðunum. Þá staðfestir sviðið rannsóknar- og þróunarverkefni nýsköpunarfyrirtækja vegna skattfrádráttar vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar.

Innan sviðsins starfa forritarar sem hafa það meginhlutverk að byggja upp umsóknarkerfi og í framtíðinni heildarumsýslu- og upplýsingakerfi Rannís. Markmiðið er að þessi kerfi þjóni öllum sjóðum og áætlunum sem Rannís hefur umsjón með eftir því sem við á.

Þá taka starfsmenn rannsókn- og nýsköpunarsviðs virkan þátt í öðrum verkefnum stofnunarinnar sem tengjast sérfræðisviðum hvers um sig. Þar skiptir mikil þátttaka í umsýslu við rannsóknáætlun ESB mjög miklu máli. Tengsl á milli innlendra samkeppnissjóða og alþjóðasviðs eru mikilvæg þar sem oft er um að ræða sömu hagsmunaaðila.

Með fjárlögum fyrir árið 2013 urðu talsverðar breytingar þar sem umfang samkeppnissjóðanna jókst um ríflega 40%. Þá sameinaðist Rannsóknarnámssjóður Rannsóknasjóði

og nafni Tækjasjóðs var breytt í Innviðasjóð með nýjum áherslubreytingum. Lögum nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir var jafnframt breytt þannig að gert er ráð fyrir markáætlunum, sem eru verkefni sem fá tímabundinn forgang á fjárframlagi til vísinda, tækni og nýsköpunar. Rannís heldur utan um **gagnagrunn yfir úthlutunir** úr rannsókn- og nýsköpunarsjóðum frá árinu 2004, nema Nýsköpunarsjóð námsmanna sem er frá 2009. Þar má jafnframt finna yfirlit um styrki úr helstu samstarfsáætlunum Evrópusambandsins.

Rannsóknasjóður

Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir á Íslandi á öllum fræðasviðum. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn skilgreind rannsóknarverkefni einstaklinga, rannsóknarhópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja. Með hugtakinu vísindarannsóknnum er átt við allar tegundir rannsókna; grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir. Sjóðurinn veitir þrjár styrktegundir: Öndvegisstyrki, sem ætlaðir eru til umfangsmikilla verkefna sem eru líkleg til að skila íslenskum rannsóknnum í fremstu röð á alþjóðavettvangi, verkefnisstyrki sem eru algengustu styrkir og START

rannsóknastöðustyrki í samstarfi við 7. rannsóknáætlun Evrópusambandsins, ætlaða ungum vísindamönnum sem lokið hafa doktorsnámi innan fimm ára frá því að verkefnið hefst. Rannsóknasjóður veitir styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna. Stjórn Rannsóknasjóðs veitir styrki úr sjóðnum og er ákvörðun um styrkveitingu bundin faglegu mati.

Styrkumsóknir eru metnar af fagráðum Rannsóknasjóðs sem skipuð eru af vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs. Fagráðin voru fjögur: Fagráð verkfræði, tækni- og raunvísinda, fagráð náttúru- og umhverfivísinda, fagráð heilbrigðis- og lífvísinda og fagráð félags- og hugvísinda. Hvert fagráð er skipað allt að sjö einstaklingum er hafa víðtæka reynslu af rannsóknum, þar sem a.m.k. tveir eru utan Íslands. Framlag ríkisins til Rannsóknasjóðs árið 2013 var 1.325 m.kr. Sótt var um 1.700 m.kr. til nýrra verkefna en 416 m.kr. voru veittar í nýja styrki eða 25,0% umbeðinnar upphæðar.

Alls bárust 236 umsóknir í sjóðinn og voru 65 þeirra styrktar, eða 27,5% umsókna. Meðalupphæð umsókna fyrir styrkarið 2013 var 7,1 m.kr. en meðalupphæð styrkja 6,4 m.kr.

Sókn og styrkveitingar í mismunandi fagráð skiptust á eftirfarandi hátt, annars vegar eftir upphæðum og hins vegar eftir fjölda umsókna:

Upphæðir í þús. kr.			
Fagráð	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Verkfræði, tækni- og raunvísindi	350.559	85.436	24,4%
Náttúru- og umhverfivísindi	363.319	98.311	27,1%
Heilbrigðis- og lífvísindi	533.316	128.134	24,0%
Félags- og hugvísindi	420.586	104.360	24,8%
Samtals	1.667.780	416.240	25,0%

Fjöldi umsókna			
Fagráð	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Verkfræði, tækni- og raunvísindi	50	14	28,0%
Náttúru- og umhverfivísindi	48	13	27,1%
Heilbrigðis- og lífvísindi	68	20	29,4%
Félags- og hugvísindi	70	18	25,7%
Samtals	236	65	27,5%

Árangurshlutfall (veittir styrkir/umsóknir) karla og kvenna eftir hlutverki (verkefnisstjóri eða meðumsækjandi) innan verkefnis má sjá á eftirfarandi töflu:

Hlutverk	Konur	Karlar
Verkefnisstjóri	25,3%	27,0%
Meðumsækjandi	24,1%	20,4%

Tækniþróunarsjóður

Tækniþróunarsjóður heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins nr. 75/2007. Hlutverk sjóðsins er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Sjóðnum er heimilt að fjármagna nýsköpunarverkefni í samræmi við megin stefnu Vísinda- og tækniráðs.



Tækniþróunarsjóður styður við fjölbreytt verkefni

Umsóknir eru metnar af fagráði sem skipað er 12 einstaklingum sem tækninefnd Vísinda- og tækniráðs skipar. Fagráðið er skipað einstaklingum sem hafa viðtæka reynslu af tækniþróun og nýsköpun. Stjórn Tækniþróunarsjóðs tekur endanlega ákvörðun um úthlutun úr Tækniþróunarsjóði og byggir úthlutun sína á ráðgefandi áliti fagráðs.

Tækniþróunarsjóður býður upp á fjórar tegundir styrkja, forverkefnisstyrki, frumherjastyrki, verkefnisstyrki og markaðsstyrki. Hver styrk tegund er sniðin að mismunandi þróunarstigi verkefna.


Árið 2013 hafði Tækniþróunarsjóður 1.265 m.kr. til umráða, sem var aukning um 540 m.kr. frá árinu áður, og að sama skapi jókst fjöldi umsókna og var nálægt því að umsóknarfjöldi væri tvöfaldur miðað við árin þar á undan. Alls bárust 11 umsóknir um forverkefnisstyrki, 193 umsóknir um verkefnisstyrki, 65 um frumherjastyrki og 64 í markaðsstyrkjum. Úthlutað var 2 forverkefnisstyrkjum, 29 verkefnisstyrkjum, 13 frumherjastyrkjum og 21 markaðsstyrk, úthlutunarhlutfallið var um 20%. Sé úthlutunarhlutfallið miðað við hversu mikið var sótt um þá var það um 18%. Í heildina var úthlutað 614 m.kr. til nýrra verkefna og 447 m.kr. til framhaldsverkefna eða samtals 1.061 m.kr.

Skattfrádráttur vegna rannsókn- og þróunarverkefna

Fyrirtæki sem stunda rannsókn- og þróunarstarfsemi geta sótt um staðfestingu til Rannís á því að verkefni sem þau vinna að falli undir skilgreiningu laga nr. 152/2009 um

endurgreiðslu tekjuskatts til eigenda rannsóknar- og þróunarverkefna. Árið 2013 bárust 130 umsóknir vegna nýrra verkefni og 139 vegna framhaldsverkefni en staðfest voru 111 ný verkefni og 135 framhaldsverkefni. (laga uppsetningu og hafa súlurnar vegna ára á y-ás)

Endurgreiðsla R&P í m.kr.



Nýsköpunarsjóður námsmanna

Markmið sjóðsins er að gefa háskólum, rannsóknastofnunum og fyrirtækjum tækifæri til að ráða námsmenn í grunn- og meistaranámi við háskóla til sumarvinnu við metnaðarfull og krefjandi rannsóknarverkefni. Frá stofnun 1992 hefur sjóðurinn unnið sér nafn og gott orð fyrir vinnu mörg hundruð námsmanna og verkefna sem þeir hafa leyst af hendi fyrir tilstyrk sjóðsins. Stjórn sjóðsins er skipuð fulltrúum frá Rannís, mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Stúdentaráði Háskóla Íslands, Samtökum iðnaðarins og Reykjavíkurborg.

Árið 2013 var framlag til Nýsköpunarsjóðs námsmanna 80 milljónir, þar af 50 milljónir frá ríki (mennta- og menningarmálaráðuneyti) og 30 milljónir frá Reykjavíkurborg. Árið 2013 bárust sjóðnum 374 umsóknir fyrir um 357 háskólanema. Alls var sótt um tæplega 262,5 milljónir króna eða laun í 1544 mannmánuði. Að þessu sinni hafði sjóðurinn 72 milljónir til úthlutunar og hlaut alls 91 verkefni styrk. Í styrktum verkefnum eru 158 nemendur skráðir til leiks í alls 429 mannmánuði.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands eru árlega veitt námsmönnum sem hafa unnið framúrskarandi starf við úrlausn verkefnis sem styrkt er af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Árlega velur stjórn sjóðsins 5-6 verkefni sem öndvegisverkefni og hljóta þau tilnefningu til verðlaunanna, en val verkefna byggir á mati fagráða sjóðsins. Eftirfarandi verkefni sem unnin voru sumarið 2012 voru valin sem öndvegisverkefni sjóðsins og tilnefnd til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands 2013.



Frá afhendingu Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands á Bessastöðum í febrúar

Notkun þrívíddarmóðels og staðsetningartækja við undirbúning skurðaðgerða á höfði.

Nemandi: Sigrún Björk Sævarsdóttir, HR. Leiðbeinendur: Paolo Gargiulo, Landspítala og HR og Ingvar H. Ólafsson, Landspítala.

● OM-Hönnun, þróun og smíði nýs hljóðfæris

Nemandi: Úlfur Hansson, LHÍ. Leiðbeinandi: Hans Jóhansson - Fiðlusmíðaverkstæði.

● Prófun á nýjum hröðunarnema til að meta stökkkraft

Nemandi: Ásdís Magnúsdóttir, HÍ. Leiðbeinandi: Baldur Þorgilsson, Kine ehf og HR.

● Reynslusögur kvenna á Akureyri frá seinni heimstyrjöld

Nemandi: Anna Kristín Gunnarsdóttir HÍ. Leiðbeinandi: Rósa Þorsteinsdóttir, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

● Ströndin og skógurinn: Útivistarnotkun og sóknarfæri

Nemandi: Sindri Birgisson, LBHÍ. Leiðbeinendur: Helena Guttormsdóttir LBHÍ, Hrafnkell Proppé LBHÍ og Íris Reynisdóttir frá Akraneskaupstað.

Forseti Íslands afhenti verðlaunin við hátíðlega athöfn á Bessastöðum 19. febrúar 2013. Verkefnið sem hlaut verðlaunin að þessu sinni var OHM - hönnun, þróun og smíði nýs hljóðfæris sem var unnið af Úlfi Hanssyni, nemanda við Listaháskóla Íslands. Samtök atvinnulífsins gáfu verðlaunin í ár, en verðlaunagripurinn var listaverkið Blessun - hönd listamannsins eftir Bjargeyju Ólafsdóttur. Einnig fengu allir tilnefndir teikningar eftir Sunnu Ben og viðurkenningarskjal undirritað af forseta.

Innviðasjóður

Árið 2013 fór fram fyrsta úthlutun úr Innviðasjóði, en hann varð til þegar lögum um Tækjasjóð var breytt í lok árs 2012. Hlutverk sjóðsins var víkkað út þannig að frá og með árinu 2013 styrkir sjóðurinn ekki eingöngu tækjakaup heldur fjár-

mögnun á hvers kyns rannsóknainviðum. Á þessu fyrsta starfsári Innviðasjóðs bárust 80 umsóknir um styrki og hlutu níu þeirra framgang eða um 11% umsókna. Sótt var um rúmlega 750 milljónir króna en tæplega 108 milljónum veitt eða um 14% umbeðinnar upphæðar. (hér kemur inn mynd eða graf með flokkun)

Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna

Hlutverk sjóðsins er að launa starfsemi þeirra fræðimanna sem starfa sjálfstætt í sinni fræðigreini. Í janúar 2013 var sjóðurinn settur á laggirnar, á sama tíma var Launasjóður fræðiritahöfunda lagður niður. Alls bárust 66 gildar umsóknir í sjóðinn þetta fyrsta starfsár hans. Sótt var um rúmlega 191 milljónir króna. Úthlutað var 36.5 milljónum króna eða tæplega 19% umbeðinnar upphæðar til 27 verkefna.

Styrktarsjóður Sigurðar Jónssonar og Helgu Sigurðardóttur

Hlutverk sjóðsins er að styrkja rannsóknir í meinafræðimanna og dýra. Ekki er sótt sérstaklega í styrktarsjóðinn heldur velur Stjórn Rannsóknasjóðs árlega eitt verkefni úr umsóknum í Rannsóknasjóð sem fellur að markmiði styrktarsjóðsins og fengið hefur framúrskarandi mat fagráðs. Eitt verkefni var valið og hlaut það eina milljón króna í styrk.

Rannsóknasjóður Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðarsonar

Markmið sjóðsins er að efla rannsóknir á korta- og landfræðisögu Íslands og íslenskri bókfræði og stuðla að útgáfu rita um þau efni. Alls bárust 8 umsóknir um styrki til sjóðsins. Sótt var um rúmlega 6 milljónir kr. Úthlutað var 1 milljón kr. til tveggja verkefna, eða tæplega 17% umbeðinnar upphæðar.

Markáætlun

Markáætlun á sviði vísinda og tækni er stefnumótandi áætlun þar sem um er að ræða tímabundin forgang á fjármagni í nánú samstarfi við fyrirtæki, rannsóknarstofnanir og háskóla á einstökum sviðum eða þverfaglegum fræðasviðum á grundvelli vandaðra rannsóknaráætlana. Núgildandi áætlun, Markáætlun um öndvegissetur og klasa stendur yfir 2009-2015. Þrjú verkefni hlutu styrk úr áætluninni til sjö ára, en þau eru:

- **GEORG** – Alþjóðlegur rannsóknaklasi í jarðhita.
- **Vitvélastofnun Íslands**
- **EDDA** – Öndvegissetur í jafnréttis- og margbreytileikarannsóknum

Opinn aðgangur

Lögum nr. 3/2003 um stuðning við vísindarannsóknir var breytt árið 2012 á þann veg að niðurstöður rannsókna, sem kostaðar eru með styrkjum úr sjóðum er falla undir lögin, ber að birta í opnum aðgangi (OA). Í samningum um styrkveitingu til rannsókna innan norðurlandanna og Evrópu, t.d. í Horizon 2020, eru kvaðir um opinn aðgang að niðurstöðum rannsókna. Hlutverk Rannís er að fylgja því eftir að styrkþegar uppfylli skilyrðin. Rannís hefur staðið fyrir kynningum á OA innan vísindasamfélagsins og hvatt til þess að Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni verði gert kleift að koma upp varðveislusafni (opinvisindi.is) til að íslenskir vísindamenn geti átt þess kost að varðveita niðurstöður rannsókna hér á landi.

IPA 2012-13

IPA styrkir eru aðlögunarstyrkir frá Evrópusambandinu, sem veitir löndum sem sækja um aðild að sambandinu, aðstoð við að undirbúa mögulega þátttöku í uppbyggingarsjóðum ESB komi til aðildar. Síðla árs 2012 var auglýst eftir verkefnum á sviði atvinnuþróunar- og byggðamála og á sviði velferðar- og vinnumarkaðsmála. Verkefnin áttu að taka mið af sk. Ísland 2020 stefnumörkun. Til ráðstöfunar voru u.þ.b. 8,3 milljónir evra. Alls bárust 65 umsóknir og var ákveðið að ganga til samninga við 14 verkefni ásamt því að 10 verkefni voru sett á biðlista. Ekki var þó gengið frá samingum vegna þessara verkefna þar sem hlé var gert á viðræðum um aðild Íslands að ESB.





Í janúar voru helstu samstarfsáætlanir ESB kynntar á Háskólatorgi

Viðburðir og viðurkenningar

Evrópusamvinna

Kynning á tækifærum og styrkjum í Evrópusamstarfi var haldin á Háskólatorgi fimmtudaginn 17. janúar 2013. Evrópuhópurinn stóð fyrir kynningunni, en í honum eru fulltrúar allra styrkja- og samstarfsáætlana ESB sem Íslendingar taka þátt í, í gegnum samninginn um evrópska efnahagssvæðið.

Á viðburðinum gafst gestum færi á að hitta fulltrúa evrópskra samstarfsáætlana á Íslandi og kynna sér möguleika á styrkjum og samstarfi á öllum sviðum menntamála, rannsókna, vísinda, nýsköpunar, menningar og atvinnulífs. Einnig voru kynntar norrænar áætlanir. Sameiginleg upplýsingasíða var opnuð við þetta tækifæri á slóðinni www.evropusamvinna.is. Kynntar voru eftirtaldar áætlanir og samstarf:

- 7. rannsóknáætlun ESB
- Menntaáætlun ESB
- Evrópa unga fólksins
- COST vísinda- og rannsóknasamstarf
- EURES – evrópsk vinnumiðlun
- Enterprise Europe Network
- Nordurslóðaáætlun
- ESPON
- Almannavarnaráætlunin
- Euroguidance
- eTwinning – rafrænt skólasamstarf
- PROGRESS – jafnréttis- og vinnumálaáætlun
- Daphne III – gegn ofbeldi á konum og börnum

Tækifæri og framtíðarsýn - ráðstefna Tækniþróunarsjóðs

Tækniþróunarsjóður boðaði til ráðstefnu 25.-26. janúar í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem farið var yfir þau tækifæri sem sjóðurinn býður upp á, rætt um breytingar og framtíðarsýn sjóðsins, auk þess sem nokkur fyrirtæki, sem fengið hafa styrk úr sjóðnum, kynntu sig og verkefni sín, bæði með stuttum kynningum og á sýningarbásum. Boðið var upp á pallborðsumræður um stoðkerfi nýsköpunar og um tengingu við atvinnulífið. Einnig var farið í gegnum umsóknarferli sjóðsins.



Helgi Hjálmarsson forstjóri Völku veitti Nýsköpunarverðlaunum Íslands viðtöku á Nýsköpunarþingi í apríl

Nýsköpunarþing og afhending Nýsköpunarverðlaunanna

Nýsköpunarþing var haldið 18. apríl á Grand hótél Reykjavík. Gestir voru tæplega 300. Þingið er haldið í samstarfi Rannís, Íslandsstofu, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Á Nýsköpunarþingi að þessu sinni voru íslensk sprettfyrirtæki gerð að umfjöllunarefni og voru þrjú fyrirlesarar fengnir til að segja frá hraðvaxta fyrirtækjum og stöðu íslenskra sprettfyrirtækja eða svokallaðra "gazella". Glenda Napier, yfirmaður greiningarsviðs hjá The Danish Cluster Academy hélt fyrirlestur með yfirskriftinni: Fostering gazelles in Iceland compared with the other Nordic countries og Patrik Backman frá Open Ocean Capital í Finnlandi talaði um Fast-growing Nordic Companies. Loks hélt Hilmar Veigar Pétursson forstjóri fyrirlestur sem hann nefndi Hefði CCP getað vaxið hraðar? Fundarstjóri var Sigríður Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Steingrímur J. Sigfússon, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra ávarpaði þingið og afhenti Nýsköpunarverðlaun Íslands.

Nýsköpunarverðlaun Íslands 2013

Tilgangur Nýsköpunarverðlaunanna er að vekja athygli á þeim mikilvægu tengslum sem eru á milli aukinnar verðmætisköpunar í atvinnulífinu og rannsókna og þekkingaröflunar. Verðlaunin voru fyrst veitt árið 1994 á Nýsköpunarþingi. Að þessu sinni hlaut fyrirtækið Valka Nýsköpunarverðlaun Íslands 2013, en Valka er hátæknifyrirtæki sem sérhæfir sig í hönnun á tækjum og hugbúnaði fyrir fiskvinnslu. Helgi Hjálmarsson, framkvæmdastjóri Völku veitti verðlauninum viðtöku.

Ný kynslóð Evrópuáætlana

Ný kynslóð Evrópuáætlana á sviði rannsókna og nýsköpunar, menntamála, æskulýðsstarfs og menningarmála var kynnt á þrefaldri opnunaráðstefnu á Hótel Sögu, 22. nóvember 2013. Fullt var út úr dyrum og greinilegt að mikill áhugi er hjá Íslendingum á þessum fjölbreyttu styrkjaáætlunum. Rannís hefur nú umsjón með þessum þremur stærstu styrkjaáætlunum Evrópusambandsins sem Ísland hefur aðgang að í gegnum EES-samstarfið.

Ráðstefnan hófst á því að Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra, Jan Trusczyński framkvæmdastjóra mennta- og menningarmálaskrifstofu framkvæmdastjórnar ESB og Hallgrímur Jónasson forstöðumaður Rannís fluttu ávörp. Að inngangserindum loknum tóku við samhliða málstofur þar sem kynntar voru nýjar áætlanir á sviði rannsókna og nýsköpunar, menntamála, æskulýðsstarfs og menningarmála. Áætlanirnar, sem taka gildi í ársbyrjun 2014 og gilda út árið 2020, eru Horizon 2020 rannsókna- og nýsköpunaráætlunin sem tekur við af 7. rannsóknaráætluninni og samkeppnis- og nýsköpunaráætluninni, Erasmus+ sem sameinar mennta-, íþróttá og ungmennaáætlunir ESB og Creative Europe sem verður nú bæði kvikmynda- og menningaráætlun.



Myndir frá uppskeruhátíð Evrópuáætla 22. nóvember og verðlaunaafhendingum við sama tækifæri



Uppskeruhátíð Evrópusamvinnu

Síðdegis sama dag og nýjar áætlanir voru kynntar til sögunnar, var blásið til uppskeruhátíðar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu til að fagna tuttugu ára þátttöku Íslands í samstarfsáætlunum ESB. Evrópusamvinna – samstarfsvettvangur evrópskra samstarfsáætlana á Íslandi stóð fyrir uppskeruhátíðinni, í samstarfi við Evrópustofu. Þar voru kynnt fjölbreytt verkefni sem hlotið hafa styrk úr evrópskum áætlunum, allt frá eldfjallarannsóknum til listahátíða og skiptinámi til frumkvöðlastarfs. Auk þess voru nýjar samstarfsáætlanir kynntar gestum og gangandi. Jan Truszczyński, yfirmaður mennta- og menningarsviðs framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, var viðstaddur hátíðina og veitti verkefnum sem verið hafa til fyrirmyndar viðurkenningar.

Viðurkenningar fyrir verkefni innan

Menntaáætlunar ESB

Á uppskeruhátíð Evrópusamvinnu voru eftirtalin verkefni til að hljóta sérstaka viðurkenningu innan mismunandi undiráætlunum menntaáætlunar ESB:

Comenius veitti fimm verkefnum viðurkenningu. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki hlaut viðurkenningu fyrir verkefni sem sneri að hönnun í málmíðnaðardeildum, Flataskóli fyrir verkefni sem ætlað var að auka áhuga nemenda á læsi og lestri, Vatnsendaskóli byggði á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir okkar nánasta umhverfi og hvernig það hefur bein áhrif á umheiminn, Leikskólinn Arnarsmára vann að því að börn yrðu meðvitúð um mikilvægi heilbrigðs lífennis og Leikskólinn Krílakot á Dalvík kynnti aðrar Evrópuþjóðir fyrir nemendum, foreldrum og samstarfsfólki með áherslu á sögulegan menningararf.

Erasmus verðlaunaði þrjú fyrirmyndarverkefni. Háskóla-setrið á Vestfjörðum hlaut viðurkenningu fyrir skipulagningu íslenskunámskeiðs að Núpi í Dýrafirði fyrir Erasmus skiptistudenta sem eru að koma til náms við íslenska háskóla. Þjónustumiðstöð miðborgar og Hlíða í Reykjavík vann verkefni sem styður við fjölmenningsfærni í skólasamfélaginu og Listaháskóli Íslands hlaut viðurkenningu fyrir hágæðafrákvæmd Erasmus verkefna skóans.

Innan **Grundtvig** hlaut Kvenréttindafélag Íslands viðurkenningu fyrir verkefni sem vann að því að þróa nýjar leiðir til að virkja samræðutækni til að ná til jaðarhópa og Leikskólinn Arnarsmára fyrir verkefni sem hafði það að markmiði að gera börn meðvitúð um mikilvægi heilbrigðs lífennis

Leonardo starfsmenntaáætlunarhlutinn veitti tveimur verkefnum viðurkenningu, annars vegar verkefni Þjónustumiðstöðvar miðborgar og Hlíða í Reykjavík fyrir gott skipulag

og ávinning í sínu verkefni og hins vegar Landbúnaðarháskóla Íslands fyrir verkefnið Sheep Skills sem hafði það að markmiði að auka nýtingu á þeim tækifærum sem felast í sauðfjárbúskap, s.s. í tengslum við ferðaþjónustu og þróun nýrra afurða.

eTwinning veitti tveimur verkefnum viðurkenningu. Borgarholtsskóli hlaut viðurkenningu fyrir verkefni sem gekk út á að meta fjölbreytileika í stærðfræðinámi og kennslu hjá þáttökulöndunum þar sem fjölbreytileiki og þverfagleg nálgun var höfð að leiðarljósi og Leikskólinn Holt fyrir verkefni þar sem börn gátu kynnst ólíkum menningarheimum á fjölbreyttan hátt, m.a. með upplýsingatækni.

Vaxtarsprotinn

Vaxtarsprotinn er viðurkenning sem veitt er á vegum Samtaka iðnaðarins, Rannís og Háskólans í Reykjavík. Tilgangurinn er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja. Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra afhenti Vaxtarsprotann þann 3. maí í Grasgarðinum í Laugardal. Meniga hlaut viðurkenninguna að þessu sinni en fyrirtækið nær tífaldaði sölutekjur sínar milli áronna 2011 og 2012. Fyrirtækin Controlant, Nox Medical og Iceconsult fengu einnig viðurkenningar fyrir góðan vöxt.

Taugalíffræðiráðstefna

Í tilefni af mánuði heilans, European Month of the Brain, var haldin ráðstefna í taugalíffræði fimmtudaginn 16. maí á Hotel Plaza. Ráðstefnan var haldin í samstarfi Rannís og NEURON, serm er samstarfsverkefni 20 rannsóknasjóða frá 14 Evrópulöndum, og býður verkefnið upp á styrki til rannsókna á sviði taugalíffræði. Ráðstefnan var ætluð fagfólki í taugalíffræði en einnig var boðið upp á opinn fyrirlestur sem bar yfirskriftina: Bjarta hlið heilans – hvernig virkar hvíta svæðið? Dr. Ragnhildur Þóra Káradóttir frá Háskólanum í Cambridge hélt erindið, sem fjallaði um upplýsingahraðbraut heilans og hvernig hægt er að lagfæra skemmdir af völdum ýmissa sjúkdóma.

Námskeið um fjármál verkefna

Alþjóðasvið stóð fyrir námskeiði um uppgjör og fjármál verkefna í 7. Rannsóknaráætlun ESB og fór það fram föstudaginn 6. september á Grand hotel Reykjavík. Leiðbeinendur eru fulltrúar frá endurskoðunardeild ESB á nýrri rannsóknaráætlun Horizon 2020 sem mun hefja göngu sína í ársbyrjun 2014. Aðalfyrirlesari var Brendan Hawdon, deildarstjóri hjá vísindaskrifstofu framkvæmdastjórnar ESB, DG Research.



Myndir frá Vísindavöku Rannís 2013



Vísindavaka og vísindakaffi

Vísindavaka 2013 var haldin föstudaginn 27. september í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu, en hún er haldin samtímis í helstu borgum Evrópu undir heitinu Researchers' Night. Markmiðið með framtakinu er að færa vísindin nær almenningi, kynna manneskjurnar á bak við vísindin og vekja fólk til umhugsunar um mikilvægi rannsókn- og vísindastarfs í nútímasamfélagi. Var það gert með lifandi kynningum og boðið upp á skemmtilega og fræðandi viðburði fyrir alla fjölskylduna. Allar vísindagreinar eru kynntar á Vísindavöku, hugvísindi jafnt sem raunvísindi.

Vikan fyrir Vísindavökuna var einnig tileinkuð vísindunum og almenningi boðið í Vísindakaffi dagana 23.-26. september til að kynna áhugaverðum viðfangsefnum vísindanna og fá tækifæri til að hitta vísindafólkið sjálft. Vísindakaffin voru haldin á Súfistanum, bókakaffi í húsi Máli og menningar á Laugavegi.

Efni Vísindakaffisins í ár voru eftirfarandi:

- **Ég elska þig stormur!** Guðrún Nína Petersen veðufræðingur hjá Veðurstofu Íslands. fjallaði um vindinn og hlutverk hans í hnattrænu samhengi, auk þess sem hún sagði frá vindrannsóknum á Íslandi.
- **Krabbamein í blöðruhálskirtli – mein eða meinleysi?** Eiríkur Jónsson þvafgæraskurðlæknir og Gunnar Bjarni Ragnarsson krabbameinslæknir fjölluðu um krabbamein í blöðruhálskirtli.
- **Atgervi íslenskra ungmenna – er allt á niðurleið?** Erlingur Jóhannsson prófessor og Sunna Gestsdóttir doktorsnemi við rannsóknarstofu í íþrótt og heilsufræði, menntavísindasviði HÍ töluðu um heilsufar og lífsstíl ungs fólks.
- **Nýja norðrið: hvernig mótast fólk og sjálfstjórnarverðslóða?** Katla Kjartansdóttir þjóðfræðingur hjá EDDU - Öndvegissætri og Kristinn Schram forstöðumaður Rannsóknaseturs um norðurslóðir ræddu um myndun og mótun samfélaga norðurslóða.

Kynning á upplýsingatækniáætlun og mannauðsáætlun Horizon 2020

Á vegum alþjóðasviðs var blásið til kynningar fimmtudaginn 21. nóvember á tveimur undiráætlunum Horizon 2020, upplýsingatækniáætluninni og mannauðsáætluninni, en sú síðarnefnda mun verða kennd við Marie Skłodowska-Curie. Aðalfyrirlesarar voru Morten Möller frá framkvæmdastjórn ESB sem kynnti upplýsingatækniáætlunina og Mario Rocco frá mennta- og menningarmálaskrifstofu framkvæmdastjórnar ESB, DG Education and Culture.

Rannsóknþing

Rannsóknþing Rannís og Vísinda- og tækniráðs var haldið þann 5. desember á Grand hóteli Reykjavíkur. Efni þingsins var að kynna nýja stefnu Vísinda- og tækniráðs og var boðið upp á kynningar frá formönnum starfsnefnda ráðsins auk þess sem pallborðsumræður um efni stefnunnar fóru fram. Í lok þingsins afhenti Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs.



Dr. Jón Gunnar Bernburg hlaut Hvatningarverðlaun V&T

Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs

Verðlaunin voru afhent á Rannsóknþingi 2013, en þau eru veitt vísindamanni sem snemma á ferlinum þykir hafa skarað framúr og skapi væntingar um framlag í vísindastarfi er treysti stöðir mannlífs á Íslandi. Markmiðið með veitingu Hvatningarverðlaunanna er að hvetja vísindamenn til dáða og vekja athygli almennings á gildi rannsókna og starfi vísindamanna. Árlega er auglýst eftir tilnefningum til verðlaunanna og voru að þessu sinni 16 vísindamenn tilnefndir. Dr. Jón Gunnar Bernburg, prófessor í félagsvísindum við Háskóla Íslands hlaut Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs 2013. Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra afhenti Jóni Gunnari verðlaunin.



Ný stefna Vísinda- og tækniráðs gildir fyrir 2013-2016

Vísinda- og tækniráð

Árið 2013 skipaði forsætisráðherra nýtt Vísinda- og tækniráð til næstu þriggja ára Ráðinu var meðal annars ætlað að marka stefnu stjórnvalda á sviði vísinda- og tæknimála, frá skipun ráðsins til ársloka 2016, en umfjöllun á hvoru sviði var undirbúin af vísindanefnd annars vegar og tækninefnd hins vegar.

Skipan Vísinda- og tækniráðs 2012-2015

Í nýju ráði tóku sæti þau Guðrún Nordal sem tilnefnd var af mennta- og menningarmálaráðherra, Sveinn Margeirsson, Harpa Grímsdóttir og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir sem tilnefnd voru af atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, Kristín Svavarsdóttir sem tilnefnd var af umhverfis- og auðlindaráðherra, Karl Andersen sem tilnefndur var af velferðarráðherra, Ari Kristinn Jónsson, Jón Atli Benediktsson, Emma Eyþórsdóttir, og Steinunn Gestsdóttir sem tilnefnd voru af samstarfsnefnd háskólastigsins, Kormákur Hlini Hermannsson og Róbet Farestveit tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands, Svana Helen Björnsdóttir og Guðbergur Rúnarsson tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins og Tatjana Latinovic og Anna Sigríður Ólafsdóttir sem skipaðar voru án tilnefningar.

Auk skipaðra ráðsmanna eiga forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra föst sæti í ráðinu og er forsætisráðherra formaður ráðsins. Þannig eiga þau Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra, Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra, Ragnheiður Elín Árnadóttir, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sæti í ráðinu, auk Kristjáns Þórs Júlíussonar, heilbrigðisráðherra og Sigurðar Inga Jóhannssonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra. Ritari Vísinda- og tækniráðs er Ásdís Jónsdóttir, skrifstofu vísinda- og háskóla, mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Hlutverk Rannís

Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu vísinda- og tækniráðs. Rannís annast umsýslu sjóða sem Vísinda- og tækniráð hefur stefnumarkandi áhrif á, þar með talið matsferli, þjónustu við fagråd og stjórnir sjóðanna, auk þess að annast gagnaöflun, kynna áhrif af rannsóknarstarfsemi í landinu og kynna möguleika á samstarfi og fjármögnun innanlands og erlendis. Rannís og Vísinda- og tækniráð standa að Rannsóknþingi þar sem veitt eru Hvatningarverðlaun til ungra vísindamanna.

Ný stefna Vísinda- og tækniráðs

Nýskipað Vísinda og tækniráð setti fram nýja stefnu sem gilda ætti frá 2013 til 2016. Ný stefna ráðsins var samþykkt á fundi ráðsins þann 22. nóvember 2013. Stefnan byggir á fjórum meginmarkmiðum:

Mannauður og nýliðun

Efla nýliðun í rannsókn- og nýsköpunargeiranum m.a. með eflingu doktorsnáms, eflingu raunvísinda og tæknigreina, styttingu námstíma að háskólanámi og auknu samstarfi fyrirtækja, rannsóknastofnana og mentakerfisins.

Samstarf og skilvirkni

Auka samstarf háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja með aukinn afrakstur og skilvirkni að leiðarljósi.

III. Sókn og verðmætasköpun

Auka fjárveitingar og fjárfestingu í rannsóknnum og nýsköpun, bæði í opinbera geiranum og einkageiranum.

IV. Afrakstur og eftirfylgni

Meta gæði og afrakstur vísinda- og nýsköpunarstarfs og stuðla að stöðugum umbótum.

Ársreikningur 2013

Rekstrarreikningur ársins 2013

	2013	2012
Rekstrartekjur		
Sértekjur	387,020,496	123,255,843
	<u>387,020,496</u>	<u>123,255,843</u>
Rekstrargjöld		
Laun og tengd gjöld	335,043,722	190,275,523
Annar rekstrarkostnaður	289,056,539	178,195,254
Tilfærslur	16,407,072	7,474,632
	<u>640,507,333</u>	<u>375,945,409</u>
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag	(253,486,837)	(252,689,566)
Ríkisframlag	<u>238,900,000</u>	<u>251,600,000</u>
Tekjuhalli ársins	<u>(14,586,837)</u>	<u>(1,089,566)</u>

Efnahagsreikningur

EIGNIR

	2013	2012
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur:		
Viðskiptakröfur	49,439,601	136,967,669
Aðrar skammtímakröfur	2,400,425	684,797
Vörslufjárreikningar	82,698,691	105,959,262
Handbært fé:		
Bankainnstæður	113,181,300	15,501,535
Veltufjármunir	<u>247,720,017</u>	<u>259,113,263</u>
Eignir samtals	<u>247,720,017</u>	<u>259,113,263</u>

31. desember 2013

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

	2013	2012
Eigið fé		
Höfuðstóll í ársbyrjun	734,918	1,824,484
Flutt staða frá 02-985	2,430,000	
Breyting v/lokafjárlaga	(480,000)	
Rekstrarniðurstaða ársins	(14,586,837)	(1,089,566)
Eigið fé samtals	<u>(11.901.919)</u>	<u>734,918</u>
Skammtímaskuldir		
Ríkissjóður	157,877,373	32,230,777
Viðskiptaskuldir	19,045,872	120,188,306
Mótreikningur vörslufjár	82,698,691	105,959,262
Skammtímaskuldir	<u>259,621,936</u>	<u>258,378,345</u>
Skuldir samtals	<u>259,621,936</u>	<u>258,378,345</u>
Skuldir og eigið fé samtals	<u>247.720.017</u>	<u>259,113,263</u>

Sjóðstreymi ársins 2013

	2013	2012
Handbært fé frá rekstri		
Frá rekstri:		
Tekjuhalli ársins	(14,586,837)	(1,089,566)
Veltufé frá rekstri	<u>(14,586,837)</u>	<u>(1,089,566)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun)	87,528,068	(123,828,561)
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)	24,504,162	33,055,670
	<u>112,032,230</u>	<u>(90,772,891)</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>97,445,393</u>	<u>(91,862,457)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Framlag ríkissjóðs	(238,900,000)	(251,600,000)
Greitt úr ríkissjóði	366,496,596	283,378,038
Fjármögnunarhreyfingar	<u>127,596,596</u>	<u>31,778,038</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	225,041,989	(60,084,419)
Handbært fé í ársbyrjun	15,501,535	75,585,954
Handbært fé í árslok	<u>113,181,300</u>	<u>15,501,535</u>